



Fornleifaskráning Skagabyggðar Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll



Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson
Guðný Zoëga

2009/88

**Mynd á forsíðu er tekin af grjóthleðslu með Kollugerðistjörn í baksýn
Ljósmynd: Bryndís Zoëga**

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	2
AÐFERD VID SKRÁNINGU	3
HELSTU MINJAFLOKKAR	3
HÖSKULDSSTAÐIR – SÖGUÁGRIP	7
FORNLEIFASKRÁNING	10
SYÐRI-HÓLL OG HJÁLEIGAN KOLLUGERÐI - SÖGUÁGRIP	37
FORNLEIFASKRÁNING	39
SAMANTEKT	65
FORNLEIFAR Í LANDI HÖSKULDSSTADA	65
FORNLEIFAR Í LANDI SYÐRA-HÓLS	66
MINJAR SEM ERU ÁHUGAVERÐAR TIL KYNNINGA EÐA RANNSÓKNA	67
NIÐURLAG	68
HEIMILDASKRÁ	69

Inngangur

Sumarið 2008 skráði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar á 7 jörðum í Skagabyggð að beiðni sveitarfélagsins vegna aðalskipulagsgerðar. Um heildarskráningu var að ræða þar sem gengið var á alla þekkta minjastaði og öll þau svæði þar sem líklegt þótti að minjar fyndust.

Kostir heildarskráningar af þessu tagi eru ótvíræðir þar sem skráðar eru allar fornminjar sem tengjast einni jörð og nýtingu hennar; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja o.s.frv. Með því má öðlast yfirsýn yfir þær minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluberður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum. Auk þess að gefa mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og byggðapróun fyrri alda, er fornleifaskráning mikilvægt tæki til minjaverndar og nauðsynlegur undanfari allrar skipulagsgerðar.

Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna Syðra-Hóls og Höskuldsstaða í fyrrum Vindhælishreppi en það eru tvær syðstu jarðirnar sem skráðar voru í Skagabyggð á árinu.

Skráning á vettvangi fór fram í júní, júlí og ágúst 2008 og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar og Bryndísar Zoëga, sem og öll skýrslu- og kortagerð. Yfirumsjón með verkinu hafði Guðný Zoëga deildarstjóri Fornleifadeilda Byggðasafns Skagfirðinga.

Ábúendum færum við þakkir fyrir leyfi til skráningar og leiðsögn og upplýsingar um byggingar og búshætti á jörðunum.

Heimildamenn á Syðra-Hóli voru þau Magnús Björnsson bóndi Syðra-Hóli og Signý Gunnlaugsdóttir. Heimildamenn fyrir Höskuldsstaði voru þeir Magnús Kristjánsson bóndi Höskuldsstöðum og faðir hans Kristján Sigurðsson, fyrrum bóndi Höskuldsstöðum.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Syðra-Hóli númerið 1 (auðkennt Syðri-Hóll – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir Syðri-Hóll – 1, 10652.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefsíðönni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXRs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Staðsetning minja er sett inn á hnitaðar loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir var á slíku aldursmati nema þar sem heimildir fyrir finnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitatöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í two flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

Minjar í túni

Bæjarstæði

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft

varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem úтиhús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

Kirkjur voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærrí bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **priðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

Bænhús voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

Grafreitir voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærrí bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áetlað hefur verið.

Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast úтиhús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur úтиhúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð oldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

Fjós: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærrí því.

Fjárhús: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

Hrútakofar: Smærri kofar oft yst í túni.

Lambhús: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

Hesthús: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

Smiðjur: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Kofar: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

Brunnar: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

Myllur: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem

varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Kuml/haugur/dys/kumlateigar: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

Réttir: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

Stekkir, sem eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólna aernar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjargeg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Nátthagar: Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánya á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

Sel: Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Stöðull: Kýr voru mjólnkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

Beitarhús: Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða

áföst fjárhúsunum.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglings sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða myrnum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeinigar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnsléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttan var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttan voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Sjóhús/verbúðir: sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

Hjallar: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Naust/hróf: Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra veggleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátsлага og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

Uppsá tur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsá tur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

Fiskgarðar: Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

Höskuldsstaðir – söguágrip



Mynd 1. Höskuldsstaðir, horft er til suðurs.

Elsta heimild er getur Höskuldsstaða er skrá um skipti á Spákonu arfi¹ frá því um 1200.²

Höskuldsstaðakirkja var helguð Maríu mey og heilögum Pétri.³ Í málðaga frá 1360 kemur fram að tveggja presta skylda⁴ var á Höskuldsstöðum og áttu prestar einnig að þjóna á öðrum kirkjum, annan hvern helgan dag í Tungu, Eyjum, Bakka, Vatnahverfi og á Hofstöðum og á kirkjunni í Bæ átti að messa 16 sinnum yfir árið. Þá átti að messa 12 sinnum á Mánaskálum. Í Höskuldsstaðakirkjugarði er legsteinn með rúnum: „Hér hvílir Marteinn prestr“, sem þjónaði Höskuldsstaðasókn á fyrri helmingi 14. aldar⁵.

Á 14. öld átti Höskuldsstaðakirkja allt heimaland jarðarinnar, allt Holtsland, alla Þverá, allan Sléttadal frá Kaldalæk til Njálsstaða og „fimtungi minna en helming“ í Spákonuarfi, frá fornu fari. Kirkjan átti líka fjórðung alls reka í Básum.⁶

¹ Spákonufur er kenndur við Þórdísi sem bjó að Spákonufelli á 11. öld en hún á að hafa gefið ýmsum kirkjum eftir sinn dag hlut í hval- og viðrekum fyrir löndum sínum.

² DI I, 1857-76. Bls. 305.

³ DI V, 1899-1902. Bls. 344.

⁴ DI III, 1896. Bls. 171

⁵ P.E. Kristian Kálund, 1986. Bls. 40, neðanmáls.

⁶ Í skrá um skipti á Spákonuarfinum frá því um 1200 samkvæmt frásögnum Þórarins Þorfinnssonar, Eyjólfs Einarssonar og Karls Jónssonar ábóta á Þingeyrum, segir að upphaflega hafi Spákonuarfi verið skipt í fimm hluta. Einn gekk til Hvamms í Vatnsdal (helmingur) og hinn helmingurinn milli Höskuldsstaða og Gunnsteinsstaða. „Þeim 4 hlutum sem eftir ... Skal taka einn og draga ofan á þrjá“. Sá fyrsti skiptist á milli

Á 15. öld var enn tveggja presta skylda og áttu þeir að syngja annan hvern helgidag í Tungu, Eyjum, fyrir 2 merkur, 24 messur á ári á Bakka, í Vatnahverfi og Hafursstöðum fyrir 1 mörk, 16 messur á Kirkjubæ og 12 á Mánaskál fyrir sama kaup.⁷ Kirkja átti allt heimalandið ásamt Hölslandi og alla Þverá og Syðra-Hól, Sölvabakka hálfan með Svansgrund og hálfan Sléttadal, frá Kaldalæk til marks við Njálsstaði. Spákonuарfsreki var tekinn frá Deildarhamri og vestur á milli Laxár og Fossár. Þaðan frá Rauðaskriðu til Hrafnsár, frá Hellisvík á móts við Finnstaði, þar sem arfinum var deilt í fimm hluta. Prír runnu til Spákonuарfs, en tveir til lands. Fyrir Árbakka var arfurinn að öllum hluta, en ekki milli Finnstaða og Árbakka. Þar næst frá Þorlaugardys í miðja Selvík. Höskuldsstaðakirkja átti fimmtungi minna en helming í Spákonuарfinum, fjórðung alls reka í Básu, viðarreka á Hrauni frá fornu fari, en í vestri Ósvík fjórðung.⁸

Árið 1708 rak Höskuldsstaðaprestur stórbú. Hlunnindi voru nokkur, einkum torfstunga, eggjataka í Hundaási og Skarfasteini, selveiði og rekavon var lítil og söl einhver. Staðurinn átti rekaítak á fjöru fyrir Hraunslandi á Skaga í plássinu milli Fornuvarar og Deildarhamars, sem kallaður var Grensás og skiptist í tvær víkur sem báðar voru kallaðar Ósvíkur. Áttu Höskuldsstaðir fjórðung reka í annarri en helming í hinni⁹ og rekaítak í Básu fyrir Víknalandi á Skaga, þar sem Höskuldsstaðakirkja átti fjórðung alls reka viðar og hvals. Þá átti staðurinn hvalrekaítök í öllum Spákonuарfí eins og fyrr.¹⁰

Selstaða Höskuldsstaða 1708 var í Hvammshlíð, áfast við Þverárland á fjallinu til marks við Skrapatungu. Hlunnindi jarðarinnar voru helst sæmilegt heimræði, þaðan sem eitt skip gekk. Engi og tún urðu fyrir spjöllum af völdum vatns og grjóthruns.¹¹ Árið 1708 var eyðibýlið Fitjarkot, hjáleiga sem hafði byggst upp rétt fyrir 1700 og verið byggð í áratug eða svo og töldu menn litlar líkur á að það „hrakkot“ byggðist aftur.¹²

Þingeyra og Höskuldsstaða . Af öðrum átti hluti að renna til Gunnsteinsstaða og skipta svo afgang í fjóra staði og gekk einn hlutur til Gunnsteinsstaða, annar til Höskuldsstaða og hinum þriðja áttu munkar og Þórarinn að skipta með sér til helminga, en fjórða hlutann áttu Mýramenn að fá og skipta með sér til helminga. Síðasta hlutunum var skipt í fjóra staði. Mástaðir fengur einn, Svínvatn annan, Spákonufell þann þriðja og hinum fjórða áttu munkar og Þórarinn að skipta með sér. Sögn er að sá hluti hefði fylgt Syðri-Ey. Munkarnir áttu Gunnsteinsstaði er þarna var komið sögu og fengu því þann hlut og einnig þann sem Þórarinn átti. Um sjálfan Spákonuарfinn segir að hann liggi á milli „hinnar fornu varar“ og Deildarhamars og eigi allt sem „ut festir“, en norðanmenn ef inn reki í Hóp. En það er nú samið (þarna um 1200) „að helmingi skulu hafa hverjur það er næst milli Laxár og Fossár. Frá Skriðu til Hraunsár. Þá er frá Hellisvík til móts við Finnsstaði, fyrir Finnsstöðum er fimmdeilt og hverfa 3 hlutir til Spákonuарfs en tveir til lands þess minnti Karl ábóti, ... þá er hvalur kom þar“. EKKI lést Eyjólfur Einarsson glöggt vita hver skiptin voru. Kvað hann einhverja segja að þriðjungur reka fylgdi landi, en 2 hlutir Spákonuарfi fyrr á órum er Spákonuарfur áttí allan hlutann en enginn var milli Finnsstaða og Árbakka og það sem næst inn frá Þorlaugardys til Selvík. Þorlaugardys stendur fyrir Laxárdal, þar á lækjarbakkanum fyrir sunnan. Kvað Eyjólfur Einarsson Þórarinn Þórfinnsson hafa sagt sér um Spákonuарf. Um Eyjólf og Þórarinn er fátt vitað en Karl Jónsson var vígður til ábóta að Þingeyrum 1169 og v sagði af sér 1181. Skömmu síðar fór hann til Noregs (1185), og var þar með Sverri konungi og ritaði sögu hans. 1187 kom hann aftur til Íslands og tók við ábótaembætti á Þingeyrum á ný og hélt því um langan tíma (DI - I 834-1264, 1857-76. Bls. 304-5).

⁷ DI V, 1899-1902. Bls. 344.

⁸ DI V, 1899-1902. Bls. 345.

⁹ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 437.

¹⁰ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 437.

¹¹ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 438.

¹² Jarðabók VIII, 1926. Bls. 438.

Séra Magnús Pétursson sem fékk Höskuldsstaði 1748 ritaði Höskuldsstaðaannál 1730-1784. Árið 1758 hóf hann að reisa nýja kirkju á Höskuldsstöðum og var „hún byggð að öllum viðum 1763.¹³

Árið 1847 var túnið á Höskuldstöðum 24 dagsláttur, engjar litlar og lágu við átroðningi lestarferða fólks og hesta.¹⁴ Bændur gerðu út frá Ósvíkinni og öfluðu sjávarfangs til heimilisins. Æðarvarp og dúntekja var í litlum fjörubás og í hólma í lítilli tjörn „á melnum“¹⁵ suður frá túninu. Lax var veiddur í Laxá þá er lax gekk ána sem var „sjaldan“. Í selstöðu Höskuldsstaða var þá búið að reisa lítið býli, Höskuldsstaðasel. Viðarrekaítök á Skaga dugðu til að halda við húsum. Af og til var hvalreki „í Spákonuarfi“ sem gaf björg í búið. Hafði tvívar rekið hvali á 22 árum. Kirkjugarðirnar voru: Efri-Mýrar, Svangrund, hálfur Sölvabakki, Ytri-Hóll, Hvammshlíð, Höskuldsstaðasel, Syðri-Hóll, Kollgerði og Þverá.¹⁶ Af þessum jörðum komu 13 dagsláttur upp í landsskuldir og jafnvirði 160 álna greiddust með gemlingum og landaurum, eða peningum og fleiru. Höskuldsstaðir voru metnir á 20 hundruð til forna en endurmetnir 1848 á 21,7 hundruð.¹⁷

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849 segir að túnið sé: „fremur greiðfært, stórt um sig og snögglendt, seigslægt, fóðrar hérumbil 6 kýr, slægjur eru mjög litlar heima um sig og snöggendar, staðnum er eignað töliverdt engjatak vestan í Dínufjalli, á bakvið svokallaða „Núpa“, er þetta einhvör sá leingsti og örðugasti eingjavegur, þar eru töliverðar slægjur, en mjög undirorpnar ágángi hrossa og annars peníngs, og er lítt mögulegt að verja, sumarhagar heldur þraungir og kostaléttir, ekki erfiðir en er heldur fyrir stóran búsmala, vetrarbeit töliverð að vögstum og nær leingi til hennar. Mótak gefst en er mjög lángsókt og ekki gott.“ Þess er síðar getið að lítil hlunnindi hafi verið af æðarfuglavarpí og laxveiði hafi verið lítil sem engin í Laxá. Reki var lítill á heimajörðinni en átti staðurinn reka ítök út á Skaga en mjög langt þangað að sækja.¹⁸ Í jarðamati frá árinu 1916 er túnið talið 28 dagsláttur, nálægt fjórðungur þess er slétt en aðrir hlutar að mestu greiðfærir. Um 400 hb. munu fást af túninu sem er ekki í góðri rækt en þó fremur grasgefið og ekki illa fallið til útgræðslu. Engjar eru að nokkru vallendisbrekkur skammt frá túni en einnig er slægjuland í hvömmum við Laxá, heygott og má fá af því um 150hb árlega. Engi eru einnig í Höskuldsstaðaselslandi en erfitt er að verja það og langt heim að flytja. Beitiland er gott fyrir allar skepnur að sumri og mikið af landinu er snjólétt að vetrum og því hagasamt. Fjörubeit er all góð en hættur nokkrar.¹⁹

Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 257. Óprentað handrit á Héraðsskjallasafni Austur-Húnvetninga.

¹³ Annálar IV, 1940-1948. Bls. 465.

¹⁴ J. Johnsen, 1847. Bls. 252.

¹⁵ J. Johnsen, 1847. Bls. 252.

¹⁶ J. Johnsen, 1847. Bls. 252.

¹⁷ Ný jarðabók, 1861. Bls. 90.

¹⁸ Jarðamat Húnnavatnssýslu 1849-50, skjal nr. 41, Höskuldsstaðir. Óprentað handrit á Héraðsskjallasafni Austur-Húnvetninga.

¹⁹ Gjörðabók fasteignamatsnefndar í Austur-Húnnavatnssýslu, 1916, skjal nr. 257. Óprentað handrit á Héraðsskjallasafni Austur-Húnvetninga.

Fornleifaskráning



Mynd 2. Gamla bæjarstæðið á Höskuldsstöðum. Þar er nú rabarbaragarður en fremst á mynd sjást leifar gamla bæjarins og íbúðarhúsið í baksýn.

Höskuldsstaðir-1

Fvrnr.: 10634

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er bærinn austarlega fyrir miðju túni, kirkja vestan hans og kirkjugarður norðan við. Í Húnaþingi segir um bæinn: „Öldum saman hefur bærinn staðið undir brattri brekku neðan Núpa. nú er risið nýtt íbúðarhús á Höskuldsstöðum nokkuð í suðvestur frá gamla húsinu“ (Húnaþing, 127).

Lýsing

Gamla bæjarstæðið er austan viðnúverandi kirkju. Búið er að rífa bæinn en enn má greina ummál bæjarstæðisins, um 18x24m og er rabarbari í hluta þess. Að norðan og austan sést í grjóthlaðinn kant um 15sm háan sem að líkindum eru leifar undirstöðu hússins.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1891 voru bæjarhús eftirfarandi; baðstofa, eldhús, göng, smiðja og skemma. Almennt virðist ástand bæjarins fremur slæmt. Árið 1916 er íbúðarhúsi svo lýst: „Íbúðarhús 30,6 ál, með kjallara nálægt 5,6, óhlaðinn innan og undirgrind þar stórkemmt. Á stofuhæðinni eru 6 herbergi, þar af 2 máluð, 3 á. undir loft. Af þessu húsi eru 13 ál. gamalt, skekt og fúið. Þar er 1 ál. port og 3 herbergi á lofti. Vesturstafn og suðurhlið úr timbri, að öðru torfveggir og torfþak. Norðan við þetta hús er torfhús 30, 4 1/4 ál. Því er skift með 2

skilrúmum í bæjardyr, geymslu og eldhús, -gamalt og lélegt. Nyrst er geymsluhús úr torfi og timbri 13,5 ál, með þilstafni og eins skilrúmsþili, innbrotið á parti.“ (Jarðamat 1916, nr. 257).

Höskuldsstaðir-2

Fvrnr.: 10635

Sérheiti: Kirkjuvöllur

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Niður undan kirkjunni norðan við Tröðina heitir Kirkjuvöllur“ (ÖH, 1). Á túnakorti er kirkjan um það bil fyrir miðju túni, vestan bæjarins og kirkjugarður norðan við.

Lýsing

Kirkjan sem nú stendur á Höskuldsstöðum var vígð árið 1963 en áður stóð hún nokkru sunnar, eða þar sem bílastæðið er núna. Kirkjan er horfin. Hnit voru tekin eftir túnakorti sem lagt var yfir loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1916 segir: „Kirkja er á jörðunni (Höskuldsstöðum) 18x11 ál. Stafhæð 5ál. Ris 4 ál. Öll með hvelfingu. Loft í fremstu 4ál. Turnhæð frá jörðu um 16 á. Öll máluð, bæði utan og innan. Járnpak og turninn járnvarinn. Gamalt hús, enda sjánlega mjög fúin fótstykki, en að öðru leyti virðist yfirgrind og þiljur ófúið.“ (Jarðamat 1916, nr. 257).

Höskuldsstaðir-3

Fvrnr.: 10636

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Kirkjugarður

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Niður undan kirkjunni norðan við Tröðina heitir Kirkjuvöllur“ (ÖH, 1). Á túnakorti er kirkjan um það bil fyrir miðju túni, vestan bæjarins og kirkjugarður norðan við.

Lýsing

Kirkjugarðurinn er enn á sínum stað en hafur verið stækkaður til norðurs og vesturs. Kirkjan stendur nú í kirkjugarðinum. Ef marka má mælingar á túnakorti hefur kirkjugarðurinn gamli verið um 30x50m að utanmáli.

Höskuldsstaðir-4

Fvrnr.: 10637

Sérheiti: Fjósvöllur

Hlutverk: Fjós

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skák í túninu niður frá fjósi ofan að túngarði, milli heimreiðartraðar og bæjarlækjar kallast Fjósvöllur“ (ÖH, 1). Á túnakorti má sjá fjósið um það bil fyrir miðju túnsins, sunnan heimreiðar, tæplega 50m suður af kirkjunni. Þar er fjós og tóft.

Lýsing

Fjósið stóð tæpa 60m ssv af gamla bænum og um 85m norðaustur af íbúðarhúsinu samkvæmt heimildamanni. Fjósið er horfið en þar er smá hólbunga þar sem það stóð en að öðru leyti sést ekkert eftir af fjósinu.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamati frá 1916 segir „fjós yfir 8 nautgr. með safnþró undir.“ (Jarðamat 1916, 257).

Höskuldsstaðir-5

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var hesthús norðan við fjóstóftina sem nú hefur verið sléttað yfir og sjást ekki ummerki þess á yfirborði.

Aðrar upplýsingar

Getið er um tvö hesthús í úttekt frá 1891 en aðeins um eitt í jarðamati frá 1916 og líklegt að það sé hesthús það sem heimildamaður mundi eftir. Í jarðamati frá 1916 segir að þar sé „hesthús yfir 12 hross.“ (Jarðamat 1916, 257).

Höskuldsstaðir-6

Fvrnr.: 10638

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Leifar túngarðsins sjást enn á köflum á brekkunni austan við gamla túnið og alveg suður fyrir nýlegt fjós sem er suðaustan við bæinn.

Lýsing

Hann liggar að hluta meðfram skurði sem liggar ofan við túnið. Hæð hans við norðurenda er um 60sm og breidd um 120sm. Girðing liggar eftir garðinum að hluta ofan við kirkjuna. Túngarðurinn er á köflum mjög eyddur og nánast horfinn. Hann er alls rúmlega 430m langur.

Aðrar upplýsingar

Getið er um túngarð í örnefnaskrá: „Skák í túninu niður frá fjósi ofan að túngarði, milli heimreiðartraðar og bæjarlækjar kallast Fjósvöllur“ (ÖH, 1). Í jarðamati frá 1916 segir: „Það [túnið] er algirt með gaddavír og gömlum garði undir að nokkru.“ (Jarðamat 1916, 257).

Höskuldsstaðir-7

Fvrnr.: 10639

Hlutverk: Túngarður?


Tegund: Garðlag

Staðhættir

Neðan, eða vestan við túngarðinn, samsíða honum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er um 22ja metra langt og 2,5m þar sem það er breiðast. Óvist er hvaða hlutverki garðlagið hefur gengt en vel gæti verið að það væri hluti af túngarðinum.



Höskuldsstaðir-8

Fvrnr.: 10640

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar er fjárhús nyrst í túninu. Tóftin er enn vel greinileg í túninu norðan við bæinn um 330m norður af íbúðarhúsinu.

Lýsing

Fjárhúsin hafa verið þrístæð með görðum og einhölukró virðist vera til norðurs, hlaða er til

austurs. Húsin hafa verið hlaðin úr torfi og grjóti og sér í grjóthleðslur í veggjum. Garðarnir eru einnig hlaðnir úr grjóti með steyptri plötu. Krærnar eru um 1m á breidd og 9m á lengd. Lengd garðanna eru tæpir 9m, hæð þeirra um 45sm og breidd 80sm. Innangengt er af görðum yfir í hlöðu sem er 13x3m að innanmáli og veggir um 1m á hæð. Hæð veggja er annars um 60-90sm og mesta breidd er um 2m. Dyr snúa mótt vestri.

Aðrar upplýsingar

Í úttekt frá 1891 er getið um eitt fjárhús en í jarðamati 1916 segir 3 fjárhús yfir 105 kindur. Líklegt er að þar eigi við þrístæðu húsin sem skráð eru hér að ofan (Jarðamat 1916, 257).

Höskuldsstaðir-9

Fvrnr.: 10641

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúmlega 150m austur af íbúðarhúsinu liggur garðlag niður, til vesturs, frá túngarðinum.

Lýsing

Garðlagið sem liggur austur/vestur er stakt um 40sm hátt og víðast hvar um 60-70sm breitt en mest um 90sm. Það er gróið.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti er kálgarður í suðausturhorni túnsins, rétt rúma 170m suðaustur af gamla bænum. Í jarðamati frá 1916 segir: „Matjurtagarður um 100fóm² að stærð nýlega brotinn og tekinn til ræktunar“ (Jarðamat 1916, 257).

Höskuldsstaðir-10

Fvrnr.: 10642

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Leifar matjurtagarðs eru um 170m norðaustur af íbúðarhúsinu á Höskuldsstöðum rúma 30m austur af gamla bæjarstæðinu.

Lýsing


Garðurinn er í brekku og snýr móti vestri, um 10x20m að innanmáli.

Garðlag er utan um

garðinn til allra átta nema til vesturs eða neðst, það er um 30sm hátt og 30sm breitt og alls um 33m langt. Við norðausturhorn garðsins er tóft (**sjá nr. 11**) sem ekki er á túnakortinu og því yngri eða eldri en matjurtagarðurinn.

Aðrar upplýsingar

Á túnakorti frá fyrrri hluta 20. aldar má sjá matjurtagarð um 35m asa af gamla bænum.



Höskuldsstaðir-11

Fvrnr.: 10643

Hlutverk: Útihús/Hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Leifar matjurtagarðs eru um 170m norðaustur af íbúðarhúsinu á Höskuldsstöðum rúma 30m austur af gamla bæjarstæðinu. Í norðausturhorni hans er tóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt, 12x8m að utanmáli og liggur austur/vestur í töluvert miklum halla. Dyr snúa móti vestri. Hugsanlega útihús með hlöðu eða heytóft til austurs og virðist innangengt á milli. Tóftin er gróin en sér í stakt grjót í henni. Hæð veggja í austari tóft er um 75-90sm en í vestari tóftinni um 140sm og þar sést í grjóthleðslur í suðurvegg. Breidd veggja er um 150sm. Austari tóftin stendur um 130sm hærra en hin.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlegt er að þarna sé um að ræða hesthús það sem getið er í úttektarbók frá 1891 þar sem talað er um hesthús „uppfrá“. (Úttektarbók Vindhælishrepps, 1891).

Höskuldsstaðir-12

Fvrnr.: 10644

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Við suðurenda túngarðsins um 50m suðaustur af nýja fjósinu eru tóftir og virðast mjög gamlar.

Lýsing

Beint suður af túngarðsendanum er tóft, hún er mosa og lyngi vaxin. Innanmál er 2,5x1m og snúa dyr til norðurs og er opið um 35sm breitt. Tóftin liggur norður/suður í þýfðum móa

niður undan brekku og fellur hún inní umhverfi sitt. Hæð veggja er um 50-70sm en nær hæst í um 85sm í suðausturhorni tóftar. Breidd veggja er um 100sm en breiðastir eru þeir um 150sm til suðurs.



Höskuldsstaðir-13

Fvrnr.: 10645

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við suðurenda túngarðsins um 50m suðaustur af nýja fjósínu eru tóftir og virðast mjög gamlar.

Lýsing

Beint norður af túngarðsendanum er tvískipt tóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Syðri tóftin er 1,8x,5m að innanmáli en engar dyr eru greinanlegar. Hæð veggja er mest um 30sm og breidd virðist um 80sm en þeir eru víða mjórri og sumstaðar rofnir í burtu. Norðan við tóftina er mjór gangur um 30sm breiður og þar norðan við er veggur 70sm breiður og er suðurveggur nyrðri tóftarinnar, sem liggur um 30sm lægra en syðri tóftin. Nyrðri tóftin er 3x1m að innanmáli. Hæð er um 20-50sm. Tóftin er öll gróin mosa og lyngi og eru veggir að hluta hlaupnir í þúfur.

Höskuldsstaðir-14

Fvrnr.: 10646

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli tóftar sem skráð er nr. 13 og túngarðs að austan eru veggjalög, hugsanlega útveggir tóftar.

Lýsing

Veggjalögin eru tvö og liggja samsíða austur/vestur. Nyrðra lagið er lengra, alls um 13m langt og 1m breitt og kemur þverveggur úr þeim suðurs. Syðri veggurinn er um 4m á lengd og rúmlega 1m á breidd. Báðir eru veggirnir að hluta grónir, um 30sm háir, hlaupnir í þúfur og töluvert rof er í þeim, einkum nyrðri veggnum.

Höskuldsstaðir-15

Fvrnr.: 10647

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir túngarðinum, um 40m norður af túngarðsendanum eru tvennar tóftir sem liggja nálega norður/suður.

Lýsing

Tóftin liggur aðeins upp í brekkuna. Hún fellur vel að umhverfi sínu og eru veggir hlaupnir í aflangar þúfur. Tóftin er um 1,3x3,5m að innanmáli. Hún er mosa og lyngi gróin en sér í grjóthleðslu á veggjum að utan. Hæð er mest um 45sm en erfitt er að meta breidd veggja vegna þúfna.

Höskuldsstaðir-16

Fvrnr.: 10648

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir túngarðinum, um 40m norður af túngarðsendanum eru tvennar tóftir sem liggja nálega norður/suður.

Lýsing

Sunnan við tóft sem skráð er nr. 15 aflöng tóft sem liggur nnv/ssa meðfram brekkunni. Hún er tvískipt, jafnvel þrískipt. Syðsta hólfíð er 2,5x2,2m að innanmáli, hæð um 30sm en hærri upp í brekkuna eða um 75sm. Par norðan við er hólf, 8x3m að innanmáli. Dyr eru til vesturs og sér í hleðslugrjót í dyraopinu sem er um 50sm breitt. Hæð veggja er um 75sm upp í brekkuna til austurs en um 20-30sm til vesturs. Syðst virðist vera lítil hólf 2,5x1m að innanmáli, hæð veggja 15-45sm, hæst upp í brekkuna til austurs. Það gæti líka hafa myndast við hrún úr vegg. Tóftin er gróin en það sér í grjóthleðslur þar sem rof er í veggjum. Austurveggur tóftar sem liggur upp í brekkuna virðist eldri en aðrir veggir. Hugsanlega er byggt upp úr eldri tóft. Mesta breidd veggja er 1,5m.



Höskuldsstaðir-17

Fvrnr.: 10649

Hlutverk:

Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hjallanum ofan við bæinn er flói og í honum grænn hóll með tóftum. Hann er í um 400m norðaustur af bænum. Lækur liggur norðan hólsins.

Lýsing

Hóllinn undir tóftunum er nokkuð hár, eða um 1,5m, og hugsanlegt er að

tóftirnar séu byggðar á einhverju eldra. Tóftin á hólnum er tvískipt og framan við hann til vesturs er garðlag sem virðist geta verið rétt. Tóftin liggur nálega norður/suður. Syðra hólfíð er 1,7x3m að innanmáli og er breidd veggja um 60sm. Nyrðra hólfíð er 1x2,2m að innanmáli. Það liggur eilítið hærra en syðra hólfíð og hugsanlega nær það lengra til norðurs en tölувert er af þúfum þar sem gætu verið veggjaleifar, eða hrún úr vegg. Hæð veggja er um 30-50sm,

hæstir til austurs. Hóllinn er nokkuð þýfður og svolítið þýft er í tóftinni. Tóftirnar eru nokkuð illa farnar af ágangi hrossa.

Höskuldsstaðir-18

Fvrnr.: 10650

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á hjallanum ofan við bæinn er flói og í honum grænn hóll með tóftum. Hann er í um 400m norðaustur af bænum. Lækur liggur norðan hólsins.

Lýsing

Vestur undan hólnum eru veggjalög sem virðast helst vera leifar réttar. Hún er 7x7m að innanmáli, opin til norðurs. Veggir komnir í þúfur og tóftin grasi gróin. Hæð veggja er mest 50sm. Hann er að hluta fallinn og er hann þar um 2m á breidd, annars um 1m.

Höskuldsstaðir-19

Fvrnr.: 10651

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á hjallanum ofan við bæinn er flói og í honum grænn hóll með tóftum. Hann er í um 400m norðaustur af bænum. Lækur liggur norðan hólsins.

Lýsing

Norðan í hólnum er niðurgröftur 90x110sm að ummáli og um 50sm djúpt og virðist vera grunn renna frá honum til norðurs, um 3m á lengd. Hlutverk óvist.

Höskuldsstaðir-20

Fvrnr.: 10653

Sérheiti: Krosshóll

Hlutverk: Sögustaður

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðst í brekkunum rétt ofan við veginn og snertuspöl suður frá túninu er allstór hóll, grasi og lyngi vaxinn utan um sig, en lítt gróinn melur í kollinn. Hóll þessi heitir Krosshóll. Er mælt, að þar hafi kross staðið áður fyrr“ (ÖH, 1). Krosshóll er rúma 600m suðsuðaustur af íbúðarhúsinu, skammt norðan við landamerki Höskuldsstaða og Syðri-Hóls.

Lýsing

Hóllinn er strýtumyndaður og efst á honum er gróinn kollur og grjót utan um hann um 120x120sm að ummáli. Hóllinn í heild er á að giska 2-3m en toppur hans er um 120sm hárr.

Nánari lýsing

„Í hólinn eða við hann, segja sagnir, að Magnús prestur á Höskuldsstöðum (líklega sr. Magnús Sigfússon) hafi grafið peninga sína. Eftir að prestur dó, vitjaði hann fjársins og vakkaði kringum hólinn. Sást hann oft, og stóð vegfarendum stuggur af honum er skuggsýnt var.“ (ÖH, 1).



Mynd 3. Krosshóll, horft er til suðausturs.



Mynd 4. Manngerð hleðsla á melunum vestur af Kollugerðistjörn.

Höskuldsstaðir-21

Fvrnr.: 10654

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grjóthleðsla

Staðhættir og lýsing

Á smá hól á melunum vestur af Tjörninni eða Kollugerðistjörn, rúmlega 900m ssv frá bænum, er grjóthleðsla 1,2x2,5m að grunnmáli og snýr hún mótt vatninu. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekki verði fullyrt um slíkt nema með frekari rannsókn.



Mynd 5. Steinlögn á melunum vestan Kollugerðistjarnar.

Höskuldsstaðir-22


Fvrnr.: 10655

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grjóthleðsla

Staðhættir

Rúmlega 2m norðan við hleðsluna er önnur hleðsla sem virðist manngerð 3x3m að utanmáli þar sem grjóti er þéttreðað innan reglulegs grjótkants og snýr hún norðaustur/suðvestur. Hlutverk hleðslunnar er óþekkt en minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa þó ekki verði fullyrt um slíkt nema með frekari rannsókn.



Höskuldsstaðir-23

Fvrnr.: 10656

Hlutverk: Stekkur?

Tegund: Tóft


Staðhættir

Rúm 800m nna. af bænum er tvískipt tóft í gróinni laut á milli þurra mela, um 70m upp af Kollugerðistjörn, rétt vestan við landamerki Höskuldsstaða og Syðri-Hóls.

Lýsing

Tóftin virðist gömul og liggur hún í botni lautarinnar upp undir smá brekku. Tóftin er að

stórum hluta lyngi vaxin. Stærra hólfið er til vesturs með dyr mótt suðri, 1,4x2m að innanmáli. Veggir eru um 30-50sm háir, hæstar upp í brekkuna til norðurs. Minna hólfið liggur til austurs og er um 40-50sm hærri í brekkunni en hin tóftin. Hún er 1x0,8m að innanmáli, hæð veggja er um 30sm. Hugsanlega er um litla stekkjartóft að ræða.



Höskuldsstaðir-24

Fvrnr.: 10657

Sérheiti:

Grafarlækur

Hlutverk: Mógrafir

Tegund:

Niðurgröftur

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, nyrst og vestast í landi Höskuldsstaða, næplega 1km vsv af bænum eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru mest um 150sm djúpar en víða um 80sm djúpar. Svæðið

er óreglulegt að lögun en það er um 40x40m að utanmáli.

Áðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir neðan túnið tekur við flói, víðlendur nokkuð, og nær sunnan frá Laxá og út undir Syðri-Ey, heitir hann ekki sérstöku nafni. Úti í frá er hann oftast kallaður Höskuldsstaðflói. Nálægt miðja vegu milli túns og sjávar er stallur, frá norðri til suðurs. Er hann kallaður Sinubrún. Utarlega á flóanum dregur í læk úr kelduföllum, og kallast hann Grafarlækur“ (ÖH, 2-3).

Höskuldsstaðir-25

Fvrnr.: 10658

Hlutverk: Móþurrkun/geymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, nyrst og vestast í landi Höskuldsstaða, tæplega 1km vsv af bænum eru mógrafir og mótoft norðan þeirra.

Lýsing

Tóftin er illa farin, veggir eru rofnir í burtu til suðurs og einnig eru þeir rofnir að innan. Þýft er umhverfis en slétt er í tóftinni. Hæð veggja um 30sm og 4x5m að utanmáli.

Höskuldsstaðir-26

Fvrnr.: 10659

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, nyrst og vestast í landi Höskuldsstaða, tæplega 1km vsv af bænum eru mógrafir og mótoft norðan þeirra og önnur nokkuð umfangsmeiri að vestan.

Lýsing

Tóftin vestan við liggur á austurbakka skurðar sem liggur til norðurs eftir mýrinni. Tóftin er nokkuð umfangsmikil af mótoft að vera og virðist hún þrískipt og er 10x9m að utanmáli. Veggir eru lágir, hlaupnir í þúfur, um 20sm á hæð og um 20-30sm á breidd en mest um 50-60sm til suðurs.

Höskuldsstaðir-27

Fvrnr.: 10660

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Tæplega 500m suður af mógröfunum og um 450m norður af Spænskunöf er garðlag sem liggur frá sjávarbakkanum til norðausturs.

Lýsing

Garðlagið er alls um 45m langt en við suðvestur enda þess er rof þar sem fjárgata liggur í gegnum það. Það er um 55sm hátt og allt að 2,5m á breidd. garðurinn er gróin og vel greinilegur næst sjávarbakkanum en er hlaupið í þúfur og er rofið til norðausturs. Hlutverk garðsins er óvist og ekki fundust neinar minjar umhverfis hann sem gætu skýrt það.

Höskuldsstaðir -28

Fvrnr.: 10661

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir og Lýsing

Norðarlega í Ósvík beint norður af árósi Laxár er vegslóði sem liggur niður í víkina. Vegurinn er mest 2m að breidd og er nú gróinn. Vesturendi götunnar neðst í víkinni er rofinn burtu af sjávargangi. Óvist er með aldur en hugsanlegt er að þarna sé um veg þann sem getið er hér að neðan.


Aðrar upplýsingar

Um vegamál í Höskuldsstaðasókn 1873 segir: „Aðalvegurinn úr kaupstað fram í Langadal og vestur í sveitir liggur spölkorn fyrir neðan Kjalarland, rétt fyrir ofan Hafursstaði og Ytriey; rétt fyrir neðan Syðriey, Ytrahól og neðst í Syðrahólsstekkjahvammi; rétt fyrir neðan Neðra-Lækjardal og inn Refasveit að vestan vatna. Vegurinn tvídeilist hjá Höskuldsstöðum. Liggur annar aukavegurinn ofan í Ósvík, inn Neðribyggð á Refasveit og fram að Blöndu, er hún er farin á Klifum. Hinn liggur inn fyrir ofan Kollugerði og neðan Syðrahól og Njálsstaði.“ (HH, 59).

Fornbýli í Stekkjarhvammi/Fitjarkot

Við vettvangsskráningu í Höskuldsstaðalandi sumarið 2008 fundust umtalverðar fornleifar í Stekkjarhvammi við Laxá. Tóftirnar eru um 20 og túngarður liggur á hvammbrúninni norðan og austan tóftanna. Elsta heimild sem getur minja í Stekkjahvammi er í sýslu- og sóknarlýsingum en þar segir: „Við Laxá neðanverða heitir Staðarhvammur eða Staðarstekkjarhvammur, og eru þar rústir allmiklar. Segja menn, að staðurinn muni hafa staðið þar í öndverðu, en síðan hjáleiga, og síðast hafi þar stekkur verið“ (SS, 148). Er þetta mjög dregið í efa í örnefnaskrá Höskuldsstaða en þar er getið um stekkjartóftir í hvamminum: Segja munnmæli jafnvel, að Höskuldsstaðabær hafi áður staðið efst í Stekkjarhvammi, en engar líkur benda til þess, að svo hafi verið. Líklega ágiskun og ekki gömul, dregin af hinum miklu stekkjarrústum“ (ÖH, 4). Í jarðabók Árna og Páls er getið um Fitjarkot, hjáleigu frá Höskuldsstöðum sem sögð var reist í kringum 1660 og verið í ábúð í um 10-12 ár. Ekki er kотið þekkt annars staðar í landi Höskuldsstaða og má því vel vera að þarna sé um sama býli að ræða.

Ljóst er af minjunum í hvamminum að þar hefur verið búið á einhverjum tíma og að líkindum á fleiri en einu tímabili. Yngstu minjarnar í hvamminum eru af stekkjum og réttum og er nafnið væntanlega dregið af þeim. Hvort að munnmæli í sýslu- og sóknarlýsingum séu rétt að býlið hafi staðið þarna áður og síðar hjáleiga verður ekki sannreynt nema með frekari rannsóknum en ljóst er að ábúð hefur verið í hvamminum áður en þar var stekkjað.



Höskuldsstaðir -29

Fvrnr.: 10662

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og vestast í Stekkjarhvammi eru tvær tóftir, líklega réttir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er minni, ferhyrnd 5,5x5,5m að utanmáli. Hún er algróin og ekki sér í grjót í veggjum. Dyr eða hlið er mótt norðaustri. Vegger eru um 30sm háir og 75sm breiðir.

Höskuldsstaðir -30

Fvrnr.: 10663

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og vestast í Stekkjarhvammi eru tvær tóftir, líklega réttir.

Lýsing

Syðst og vestast í túninu, framarlega á gilbakknum eru tvær tóftir, líklega réttir. Syðri tóftin er 7,5x3m að innanmáli. Mesta hæð veggja er um 50sm en 35sm til suðausturs, breidd veggja er 80sm. Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er opin mótt norðvestri. Suðvestur veggur er lengri og er það hugsanlega til að auðvelda innrekstur. Tóftin er grasi gróin og hvergi sér í grjót í veggjum.

Höskuldsstaðir-31

Fvrnr.: 10664

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Stekkur?

Tegund: Tóft

Lýsing

Um 85m austan við réttirnar (sjá nr. **29 og 30**) fremst ágilbrúninni er þrí- eða fjórskipt tóft. Hún liggur norðvestur/suðaustur í litlum hvammi neðst í Stekkjarhvammi. Stærsta hólfíð er nyrst og liggur neðan undir brekku, það er 3,5x7m að innanmáli með 100sm dyraop mótt norðvestri. Mesta hæð veggja er 55sm og mesta breidd veggja er 110sm. Upp frá dyrunum er smá garðlag upp í brekkuna. Austan við er annað hólf, minna 3x1,3m að innanmáli. Milliveggur er lægri en veggir í tóftunum almenn um 30sm á hæð. Ekki eru dyr greinanlegar á milli. Hæð veggja er um 50-60sm og breidd mest um 120sm. Áfast að sunnan eru tvö hólf það vestara 1,2x3m að innanmáli og er hæð veggja um 40sm. Dyr eru á því til norðausturs. Austan við það er lítið hólf, fremur óljóst, veggjahæð um 10sm og breidd veggja um 60sm. Innanmál er 1x0,7m. Tóftin er vel gróin og ekki sér í grjót í veggjum.

Höskuldsstaðir-32

Fvrnr.: 10665

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Lýsing

Tæplega 100m austan við tóft **nr. 31**, á grónum stalli alveg fram ágilbrúninni eru tvískipt tóft sem liggur norðvestur/suðaustur. Tóftin er gróin svolítið jarðsokkin og gæti verið eldri en þær

tóftir sem áður eru skráðar. Hún stendur á smá hól og gæti verið byggð á einhverju eldra. Tóftin liggur undir smá brekku og er veggurinn sem liggur með brekkunni frekar óljós og nánast horfinn á kafla. Tóftin er algróin og hvergi sér í grjót. Hæð veggja er um 20-25sm og breidd mest um 1,5m en veggir eru nokkuð útflettir, rofnir og hlaupnir í þúfur.

Höskuldsstaðir-33

Fvrnr.: 10666

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Stekkur, úтиhús?

Tegund: Tóft

Lýsing

Rúmlega 15m ofan eða norðan við tóft **nr. 32** er önnur tóft, að því er virðist þrískipt og liggur hún austur/vestur í smá halla. Hugsanlega stekkjar eða úтиhústóft. Breidd veggja er um 75sm og innanmál stærsta hólfssins til vesturs er 3x6m og hæð veggja um 40sm. Austurendi er um 30sm hærri og virðist tvískiptur en það gæti verið vegna hruns í tóftinni. Bæði hólfir eru 2x3m að innanmáli en það syðra er mun gleggra með 50sm háum veggjum en norðar eru veggir um 30sm og horfnir að hluta. Tóftin er vel gróin og greinileg og sker sig úr umhverfinu. Nokkuð hátt er undir henni og gæti hún verið byggð á einhverju eldra.

Höskuldsstaðir-34

Fvrnr.: 10667

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Tæplega 5m austan við tóft **nr. 33** er önnur tóft, sem virðist tölувert eldri. Hún er ferhyrnd 8,5x8,5m að utanmáli og alveg opin til norðurs. Veggir eru hlaupnir í þúfur um 1m breiðir og 25sm háir en lægri og ógreinilegri til suðurs. Umhverfi tóftarinnar er þýft en sléttur flótur er innan veggja.

Höskuldsstaðir-35

Fvrnr.: 10668

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Lýsing

Hringlaga garðlag er norðvestarlega í túni í Stekkjarhvammi. Það er um 7x8m að innan máli og vel greinilegt í landslagi. Veggir eru töluvvert hrundir og komnir í stórar þúfur. Tóftin er algróin og er mikill gróður umhverfis hana eins og í öllum hvamminum. Stórar þúfur eru einnig innan garðlagsins sérstaklega til norðvesturs þar sem þær blandast veggjum og þar hugsanlega hrún úr þeim. Hæð veggja er um 70sm og breidd 125sm en mest verða þeir um 2m á breidd til norðvesturs. Rof er í veggina á nokkrum stöðum og hugsanlega er á veggnum til austurs um 55sm breitt.

Höskuldsstaðir-36

Fvrnr.: 10669

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Tæplega 20m suðaustan við tóft **nr. 35** er önnur tóft, tvískipt og liggur hún nnv/ssa. Mjög mikill gróður er á tóftinni og umhverfis hana og erfitt að greina útlínur nákvæmlega. Dyr virðast snúa mótt vestri. Stærra hólfid er til norðurs 6x6m að innanmáli en minna hólf er til suðurs 3x6m að innanmáli og er það heldur þýfðara að innan og stendur um 20sm hærra en stærra hólfid. Veggir eru hlaupnir í stórar þúfur og er rofið á milli þeirra. Breidd veggja er um 60-110sm og hæð um 40sm. Í suðvesturhorni tóftar eru stórar þúfur, hugsanlega hrún úr vegg.

Höskuldsstaðir-37

Fvrnr.: 10670

Sérheiti: Stekkjarhvammur/Fitjarkot?

Hlutverk: Bústaður?

Tegund: Tóft

Lýsing

Rúmlega 30m suðvestan við tóft **nr. 36** er fjórskipt tóft sem liggur norðaustur/suðvestur og eru engar dyr greinilegar á henni. Hún er 14x7m að utanmáli og vel greinileg í landslagi en lætur þó minna yfir sér en tóftir **nr. 35 og 36** sem áður eru skráðar. Veggir eru hlaupnir í þúfur og eru algrónir og hvergi sér í grjót í veggjum. Veggir mótt norðaustri og norðvestri eru greinilegastir en til suðausturs og suðvesturs er erfitt að greina nákvæmlega útlínur veggja og eru þeir einnig lægri eða um 20sm háir en veggir almennt um 40-50sm háir. Breidd veggja er 120-140sm þar sem þeir eru breiðastir. Nyrsta og austasta tóftin er 2x3m að innanmáli en næsta tóft sunnan við er 2x2,5m að innanmáli. Þar sunnan eru tvær tóftir og er innangengt á milli þeirra, norðari tóftin 2,4x1,3m og sú syðri 1,2x3m.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna og Páls segir: „Fitjarkot. Hjáleiga af staðnum, bygt í fyrstu hjer um fyrir xl árum og varaði byggðin inn til næstu x eður xii ára, hefur síðan verið í auðn“ (JÁM, 438). Ekki er þekkt staðsetning á kotinu en hugsanlegt er að það hafi verið í hvammi þeim sem nú heitir Stekkjarhvammur. Minjarnar þar eru skráðar **nr. 29-49**.

Höskuldsstaðir-38

Fvrnr.: 10671

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Tæplega 50m austur af tóft **nr. 37** er önnur svipuð hinni fyrr að útliti og gætu þær verið eldri en tóftirnar sem skráðar eru **nr. 35 og 36**. Veggir eru þýfðir og engar dyr eru greinanlegar á tóft. Hún snýr norðvestur/suðaustur. Túnið í Stekkjarhvammi er allt í stöllum og liggur tóftin undir stallbrún. Tóftin er gróin og mosi er í veggjum. Innanmál er 3,3x2m og veggur sem snýr að stallbrúninni 35sm hár en annars um 30sm. Breidd veggja er um 80sm og sumstaðar breiðari þar sem hrunið er úr veggjum.

Höskuldsstaðir-39

Fvrnr.: 10672

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Rúmlega 8m sunnar en tóft **nr. 38** er önnur tóft, svipuð útlits en nokkuð stærri. Hún liggur norðaustur/suðvestur, er aflöng um 4x9m að innanmáli. Hún er algróin og veggir komnir í

þúfur og ekki er hægt að greina dyr á tóftinni. Breidd veggja er 1-1,5m og hæð um 30sm. Tóftin er vel greinileg þegar komið er að henni en fellur annars vel inn í umhverfi sitt.

Höskuldsstaðir-40

Fvrnr.: 10673

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Austast í hvamminum liggja nokkrar tóftir í hnapp og virðast þær misgamlar. Vestust þeirra er tóft sem liggur nálega norður/suður og er að líkindum tvískipt. Veggir eru hlaupnir í þúfur og ekki er dyr að sjá nema hugsanlega þar sem veggur er lægri austarlega á norðurvegg. Við austurvegg innanverðan eru nokkrar þúfur sem gætu verið innveggur en það er óvist. Innanmál tóftar er 6x7m og hæð veggja er um 40sm og breidd þeirra um 1m. Lítið er af þúfum inn í tóftinni en töluvert umhverfis hana.

Höskuldsstaðir-41

Fvrnr.: 10674

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Nyrsta tóftin í austurhluta túnsins er einnig stærst og greinilegust. Hún er þrí- eða fjórskipt og liggur norðvestur/suðaustur undir hvammbrekku að sunnan. Veggir eru algrónir og ekki hlaupnir í þúfur og virðist tóftin vera af yngra skeiði tófta í hvamminum. Nyrsta hólfid er 3x2,2m að innanmáli og eru milliveggir lægri en útveggir um 40sm háir en útveggir um 50-70sm háir. Breidd er um 130-140sm. Stærsta hólfid er þar sunnan við um 3,5x4m að innanmáli. Hæð veggja er um 60sm og mesta breidd um 150sm. Sunnan er annað hólf og gangur meðfram því að vestan. Hvergi eru greinanlegar dyr á því hólf sem er 1,3x2m að innanmáli. Breidd veggja er um 70sm og hæð um 20-50sm, útveggur hæstur. Breidd gangsins að vestan er um 50sm. Par suður af er veggur um 20-45sm háir og 1m breiður.

Höskuldsstaðir-42

Fvrnr.: 10675

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Innan við 10m suðvestan við áður tóft **nr. 41** er önnur, eldri og óljósari tóft. Hún er um 5x5m að innanmáli Veggir eru alveg hlaupnir í þúfur og eru um 15-20sm rof á milli þúfna en það er tiltölulega lítið þýft inní tóftinni. Veggur til suðvestur fremur óljós en veggur til norðausturs greinilegastur. Breidd veggja er um 1m.

Höskuldsstaðir-43

Fvrnr.: 10676

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Rúmlega 10m suðaustan við tóft **nr. 41** er tóft, fremur ógreinileg og liggur í smá halla, hún virðist tvískipt. Hún er 4x5m að innanmáli, breidd veggja 100sm og hæð 20-50sm. Suðvestan við virðist vera garðlag í boga en það er mjög óljóst, um 120sm breitt og hæð um 20sm. Innanmál þess er 7x4,5m og virðist það ekki alveg ná að tóftinni.

Höskuldsstaðir-44

Fvrnr.: 10677

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt, Stekkur?

Tegund: Tóft

Lýsing

Austast í túninu eru þrjár tóftir og nyrst þeirra er tvískipt tóft, hugsanlega stekkur. Minna hólfið (kró?) liggur 30sm hærra en hitt hólfið. Það er 6x2m að innanmáli og hæð veggja um 10-15sm. Stærra hólfið (rétt?) er 2,7x7m að innanmáli og er hæð veggja um 30sm. Mesta breidd veggja er um 1,5m. Tóftin er gróin dökkgrænu grasi og sker sig úr umhverfi. Garðlag liggur frá stærra hólfinu til suðurs, hugsanlega til að auðvelda innrekstur.

Höskuldsstaðir-45

Fvrnr.: 10678

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Lýsing

Á hól, sem er um 1m á hæð, 5m sunnan við tóft **nr. 44** er önnur tóft. Hóllinn og tóftin skera sig nokkuð úr umhverfi. Tóftin liggur fram á gilbrúnina og er alveg rofinn í burtu til suðurs. Hún er jarðsokkin, gæti verið tvískipt en það er óljóst. Hæð frá lægsta punkti er um 50sm og hún er 6x9m að innanmáli, breidd veggja er um 1m.

Höskuldsstaðir-46

Fvrnr.: 10679

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 5m norðvestan við tóft **nr. 45** er önnur tóft sem virðist vera af eldri gerð minja í hvamminum

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 2x4m að innanmáli. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru þýfðir um 20sm á hæð og 80sm á breidd.

Höskuldsstaðir-47

Fvrnr.: 10680

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Lýsing

Túngarður liggur fremst á hvammbrúninni utan um tóftirnar að austan, norðan og norðvestan. Við austurenda hans er hlið um 2m á breidd. Hann er greinilegastur að austan og norðaustan en óljósar að norðan og vestan og hverfur alveg neðst í brekkunni að norðvestan. Hann er mest um 150sm breiður og 30-40sm hárr að ofan. Garðurinn er alls um 384m á lengd.

Höskuldsstaðir-48

Fvrnr.: 10681

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag?

Lýsing

Austur af tóftum þeim sem skráðar eru nr. 44-45 og 46 er hóll sem rofið er af til suðurs. Hann er grænn og sker sig nokkuð úr umhverfi. Utan við norðvesturhorn hans er rafmagnsstaurasamstæða og gæti hóllinn verið tilkominn vegna framkvæmda vegna þeirra en einnig er hugsanlegt að þar hafi verið eitthvert mannvirki sem nú er horfið.

Höskuldsstaðir-49

Fvrnr.: 10682

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag?

Lýsing

Austur af hólnum er ógreinilegt garðlag eða hluti veggjar. Hugsanlega eru þarna leifar tóftar sem er að hluta rofinn í burtu en garðlagið liggr fremst á gilbrúninni ofan við Laxá. Það er alls um 8,5m langt, gróið, um 20sm hátt og allt að 1m á breidd. Hugsanlegt er að um náttúrulegt fyrirbrigði sé að ræða.

Höskuldsstaðir-50

Fvrnr.: 10683

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á hvammbrúninni norðvestan Stekkjarhvamms og um 7m suðaustur af túngirðingu er gróðurtorfa og í kanti hennar er steinhleðsla en engin gróður umhverfis. Hún er um 100-125sm að utanmáli. Hlutverk er óþekkt en hleðslan virðist manngerð.



Mynd 6. Steinlögn utan um gróna þúfu. Horft er yfir Stekkjarhvamm til suðausturs.

Höskuldsstaðir-51

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Skammt fyrir ofan Hlaupið er Lestavað, sem nefnt er í örnefnaskrá Syðra-Hóls. Frá því lá lestarvegur undir Löngubrekku er náði frá Sjómannabrekku út undir Höskuldsstaði“ (ÖH, 4).

Lýsing

Ekki sáust merki um þessa götu við vettvangsskráningu 2009.

Höskuldsstaðir-52



Mynd 7. Leifar fyrstu brúarinnar yfir Laxá. Hægra megin er brúarendinn í landi Höskuldsstaða en vinstra megin í landi Sölvabakka. Horft er niður ána til norðurs.

Nánari lýsing

Í örnefnaskrá segir: „Mikill hluti landsins í Neðri-Lækjardal eru sléttir mellar, og mundi einhverjum detta í hug, að vel væri gjörandi að sá í þá melgrasi, gæti það orðið falleg flót. Norðast á þessum melum, austan við Brúarvellina, er Brúarvallatorfa út við Laxá, upp undan gamla brúarstæðinu.“ (ÖNL, 6).

Aðrar upplýsingar

Í Árbók Ferðafélags Íslands 2007 segir: Laxá er ein af fyrstu ám er brúuð var í Húnnavatnssýslu. Trébrú var sett á Hlaupið haustið 1876 og þótti ekki lítil fararbót. Sú brú entist illa því vatns- og aurrennslí var mikil á hana í vetrarhlákum og vorleysingum en snjóþyngsli fóru einnig illa með hana. Brúin stóð líka of lágt og voru síðar hlaðnir undir hana öflugir grjótstöplar, styrktir með steinlímsblöndu [...] (ÁFÍ, 166).

Höskuldsstaðir-53

Fvrnr.: 10684

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestast í Langahvammi virðist vera garðlag fremst á brún gilsins og lokar þar af smá hólfí.

Lýsing

Garðlagið er tæplega 70m langt og slétt er ofan við þar sem að efni í það hefur hugsanlega verið tekið. Það er um 30sm hátt, 1m breitt og nokkuð rofið. Aldur þess er óviss og það gæti verið undan girðingu.

Höskuldsstaðir-54

Fvrnr.: 10685

Hlutverk: Óþekkt, heytóft?

Tegund: Hóll

Staðhættir

Fvrnr.: 10403

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla


Staðhættir

Elsta brúarstæðið á Laxá er um 900m vestur af núverandi brú.

Lýsing

Brúin er horfin en brúarendarnir standa enn heilir beggja megin ár hlaðnir úr grjóti og steypt á milli. Vegslóði liggur niður eða brúarendanum sem er nokkuð minni um sig en sá sem er vestan ár eða um þriggja metra langur og um 2,5m á hæð.

Vestast í Langahvammi um 85m nna. af áður skráðu garðlagi **nr. 53** er aflangur hóll, vel grænn og sker sig úr umhverfi. Engin veggjalög eru greinanlegar en úlit hólsins ber þess merki að þarna hafi verið eithvað mannvirki, s.s. heytóft.



Höskuldsstaðir-55

Fvrnr.: 10686

Hlutverk: Mógröf

Tegund:

Niðurgröftur

Staðhættir

Syðst og austast í landi Höskuldsstaða eru mógrafir. Þær eru óreglulegar að lögun og taka yfir nokkuð umfangsmikið svæði, mest 160m á lengd, mest 85m á breidd og dýpt er mest um 130sm.

Höskuldsstaðir-56

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og austast í landi Höskuldsstaðar eru mógrafir og tæplega 40m norðaustan þeirra er móþóft, nokkuð stór og stendur á smá upphækkun. Tóftin er um 4x5m að innanmáli. Veggar eru þýfðir mest um 100sm á breidd og hæð þeirra um 30-50sm, þeir eru nokkuð rofnir einkum til vesturs.

Höskuldsstaðir-57

Fvrnr.: 10402

Sérheiti:

Neðstavað

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Tvö vöð eru á Laxá undan Neðra-Lækjardalslandi. Annað í beinni stefnu milli bæjanna Neðra-Lækjardals og Syðra-Hóls, og nefnist það Lestavað. Hitt er neðst í ánni, rétt fyrir ofan þar sem hún rennur í sjó. Það heitir Neðsta-



Mynd 8. Hestar á leið yfir Neðstavað sem er til vinstrí á mynd. Horft er til norðurs.

vað.“ (ÖNL, 2).

Lýsing

Hnit tekin af loftmynd eftir örnefnakorti Jónu Fanndísar Jónsdóttur sem ólst upp á Sölvabakka. Kortið er til á Örnefnastofnun.

Syðri-Hóll -58

Fvrnr.: 10688

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegslóði

Staðhættir

Frá gamla brúarstæðinu syðst og austast í landi Höskuldsstaði liggur vegslóði til norðurs og áfram yfir í Syðra-Hólsland.

Lýsing

Vegslóðinn er alls um 140m langur og liggur frá árgilinu og upp smá brekku.

Syðri-Hóll -59

Fvrnr.: 10689

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Gata liggur eftir melnum ofan við Stekkjarhvamm og er greinileg á um 570m kafla.

Lýsing


Gatan liggur frá austri til vestur og endar skammt frá Ósvík og má því vel ímynda sér að þarna hafi verið gatan sem farin var til að stunda sjósókn. Hún klofnar og liggur kvíslin ofan í Stekkjarhvamm vestanverðan.

Höskuldsstaðasel eða Sléttárdalssel

Í örnefnaskrá segir: „*Katlar tveir eru í fjallinu vestanverðu. Heitir hinn syðri og stærri Grenjaketill, en Litliketill sá nyrðri. [...] Norðan við Litlaketil heitir Stallur. [...] Norðan undir stallinum rennur lækur ofan úr fjallinu. Hann heitir Kaldilækur. Á lækjarkaknum út og niður undan stallhorninu eru tóftarrústir. Par var býli á ofanverðri 19. öld og hét Höskuldsstaðasel“ (ÖH, 2). Í Föðurtúni segir af seljum: „*Austur af Neðri-Mýrum voru Mýrarhús, sem búið var í fyrir aldamót, en uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar. [...] Hið þriðja var á Sléttudal bak við Höskuldsstaðanúpa. Í öllum þessum seljum var búið“ (Föðurtún, 60). Þar segir einnig: „*Á Sléttudal var áður sel frá Höskuldsstöðum og búið í því. Var það ýmist kallað Höskuldsstaðasel eða Sléttudalssel“ (Föðurtún, 51). Í Árbók Ferðafélagsins frá 2007 segir: „*Á Sléttárdal var Höskuldsstaðasel (eða Sléttárdalssel) rétt sunnan við Kaldalæk við rætur Dynfjalls. Það var byggt um tíma, allt fram á síðustu öld, sést þar fyrir rústum og búið að merkja staðinn“ (JT, 171). Um selið segir í Sýslu- og sóknarlýsingum: „*Byggð er á Sléttárdal, en stundum hefur þar selstaða verið frá Höskuldsstöðum, og svo var um hríð í tíð síra Björns Þorlákssonar. Er þar venjulega kallað Höskuldsstaðasel (hið nýja), en oft er það ritað Sléttárdalssel eða Sléttárdalur. Er því eignað land milli Huldulækjar og lækjar, er rennur úr Lyngbreiðarkatli, og vestur á Einbúa. Það stendur við Kaldalæk sunnanverðan, en áður stóð það um hríð fyrir norðan lækinn“ (SS, 148).*****

Í manntali frá 1870 segir að Höskuldsstaðasel hafi verið hjáleiga og mun hafa verið tvíbýlt. Annars vegar bjó þar Guðmundur Magnússon húsmaður og Guðný Pálsdóttir bústýra, þeirra sonur Vermundur Guðmundsson og Guðmundur Gíslason niðursetningur. Auk þeirra bjó þar

Guðrún Porkelsdóttir sögð húskona. Bæði Guðrún og Guðmundur eru sögn lifa á handafla (Heimasíða Pjóðskjalasafnsins).



Höskuldsstaðir -60

Fvrnr.: 10690

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Höskuldsstaðasel liggur tæplega 3km norðaustur af bænum á Höskuldsstöðum, skammt sunnan við merkjagirðinguna og eru 5 tóftir á selinu. Blautur flói er umhverfis tóftirnar og lækur rennur í djúpum skorningi norðan við.

Lýsing

Vestasta tóftin liggur um 30m suður af merkjagirðingunni. Hún er 4x3,5m að innanmál og liggur norðaustur/suðvestur með dyr til suðvesturs.

Höskuldsstaðir-61

Fvrnr.: 10691

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Sel/Bústaður

Tegund: Tóft

Lýsing

Rúmlega 15m norðaustan við tóft nr. 59 er tvískipt tóft sem liggur norðaustur/suðvestur, með dyr mótt suðvestri. Hæð veggja 50sm og breidd 90sm. Innangengt á milli tófta. Tóftin er 8x4,5m að utanmáli.

Höskuldsstaðir-62

Fvrnr.: 10692

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Veggjalög

Lýsing

Sunnan við tóft **nr. 60** er ferhyrnt stórt svæði, um 15x10m að ummáli, það er mjög þýft að innan og því erfitt að greina hvort þar gætu hafa verið einhverjur innveggir, en greinilegur veggur er í austur horni. Svæðið er um 15x10m að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Líklega er þetta bæjarstæðið en vegna ástands minjanna verður það ekki staðfest án frekari rannsókna.

Höskuldsstaðir-63

Fvrnr.: 10693

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Lýsing

Suðvestan við tóft **nr. 60** eru garðlög sem virðast mynda aðhald eða rétt, 9x8m að utanmáli og er breidd veggja um 1m og hæð 50sm.

Höskuldsstaðir-64

Fvrnr.: 10694

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Rétt/Kofi

Tegund: Tóft

Lýsing

Tæplega 70m norðaustan við tóftir **nr. 60-62** er rétt og lítil kofatóft við hana. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur, breidd veggja er 1-1,5m og hæð að innan 40-60sm en kofans um 40sm. Að utan er veggjahæð mest um 130-140sm að vestan en um 30sm að austan. Utanmál réttar er 16x10m en innanmál kofatóftarinnar 2,5x2,5m.

Höskuldsstaðir-65

Fvrnr.: 10695

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tæplega 65m norðaustur af tóftum **nr. 60-62** er tvískipt tóft sem liggur norðaustur/suðvestur.

Lýsing

Tóftin liggur rétt norðan við merki Höskuldsstaða og Syðri-Eyjar. Breidd veggja er 60-70sm og hæð þeirra er um 30-40sm. Tóftin er að utanmáli 10x4m og eru dyr á minni tóft til norðvesturs en á stærri tóftinni til suðvesturs. Hugsanlegt er að þessi tóft sé hluti af eldri seltóftum sem getið er í Sýslu- og sóknarlýsingum (sjá hér að neðan) og mun þá hafa tilheyrt Höskuldsstöðum en er í dag í Syðri-Eyjarlandi.

Aðrar upplýsingar

Um selið segir í Sýslu- og sóknarlýsingum: „Byggð er á Sléttárdal, en stundum hefur þar selstaða verið frá Höskuldsstöðum, og svo var um hríð í tíð síra Björns Þorlákssonar. Er þar venjulega kallað Höskuldsstaðasel (hið nýja), en oft er það ritað Sléttárdalssel eða

Sléttárdalur. Er því eignað land milli Huldulækjar og lækjar, er rennur úr Lyngbreiðarkatli, og vestur á Einbúa. Það stendur við Kaldalæk sunnanverðan, en áður stóð það um hríð fyrir norðan lækinn“ (SS, 148).

Höskuldsstaðir-66

Fvrnr.: 10696

Sérheiti: Stekkjarhvammur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur/tóft

Staðhættir

Um 7m sunnan við tóft nr. 40 er niðurgröftur eða niðurgrafin tóft. Innanmál er um 6x2,5m og liggur hún í stefnuna austur/vestur og er alveg gróin til vesturs. Engir veggir eru sjáanlegir að utan. Hæð að innan er frá 30-60sm.

Óstaðsettar minjar

Höskuldsstaðir-67

Sérheiti: Spænskanöf

Hlutverk: Dys

Tegund: Heimild

Staðhættir

Spænskanöf er um 1,7km suðvestur af íbúðarhúsinu á Höskuldsstöðum, klettanef sem liggur út í sjó til vesturs.

Lýsing

Engin merki sáust um dys við Spænskunöf og ekki könnuðust ábúendur á Höskuldsstöðum um að neitt hafi sést þar í þeirra tíð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „nefnist hann Ræningjabás og lokast að sunnan af nöf, sem heitir Spænskanöf. Fellur sjór upp að Spönskunöf, og verður ekki komist i Ræningjabásinn nema á bát, en í hellirinn er hægt að ganga þurrum fótum, fyrir Rauðunöf um fjöru. Orsök til nafnsins á Spönskunöf og Ræningjabás er skráð í sóknarlýsing Höskuldsstaðasóknar og prentuð í þjóðsögum Ólafs Davíðssonar“ (ÖH, 3).

Nánari lýsing

Um atburði þessa segir í síslu- og sóknarlýsingum: „Spænskanöf heitir bergsnös ein rétt fyrir norðan Laxá, upp undan Ósvík, og segir rök nafnsins í Isl. þjóðs. II, 103. Ég hef heyrt söguna fyllri en hún er þar. Segir að Höskuldsstaðaprestur safnaði mönnum og stóði sem mestu, og byndi menn hrísklyfjar á og kveikti svo í hrísinu og keyrði svo stóðið með miklum ólátum móti víkingum, er komnir voru heim undir bæinn á Höskuldsstöðum. Féllu nokkrir af þeim þar á melunum og eru dysjaðir þar við veginn. Sú dys á að hafa verið rænd af manni, er enn lifir. Aðrir féllu á nöfinni rétt upp undan Ósvík og voru þar dysjaðir (ekki heygðir, því að enginn er þar hóll eða haugur). Sést dysin enn, og á þar að hafa fundizt í tíð síra Björns Þorlákssonar sverð og brýni. Sumir hröktust fram á sjó og björguðust nokkrir af sundi. Peir, sem á skipinu voru, skutu fallstykkjum en skotin riðu á klettunum, sem enn þykir mega sjá merki til, en náðu eigi mönnunum á bakkanum“ (SS, 147-148).

Höskuldsstaðir-68

Hlutverk: Dys

Tegund: Heimild

Staðhættir

Staðsetning meintrar dysjar er ókunn.

Nánari lýsing

Um atburði þessa segir í sýslu- og sóknarlýsingum: „Spánskanöf heitir bergsnös ein rétt fyrir norðan Laxá, upp undan Ósvík, og segir rök nafnsins í Ísl. þjóðs. II, 103. Ég hef heyrt söguna fyllri en hún er þar. Segir að Höskuldsstaðaprestur safnaði mönnum og stóði sem mestu, og byndi menn hrísklyfjar á og kveikti svo í hrísinu og keyrði svo stóðið með miklum ólátum móti víkingum, er komnir voru heim undir bæinn á Höskuldsstöðum. Féllu nokkrir af þeim þar á melunum og eru dysjaðir þar við veginn.“ (SS, 147-148).

Höskuldsstaðir-69

Sérheiti: Ósvík

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum mun sjóbúð hafa verið í Ósvík og einhver naust sem nú eru horfin sökum landbrots.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Spönskunöf heitir Ósvík. Út í hana fellur Laxá. Eru að víkinni brattar brekkur grasi vaxnar, en niðri í henni voru áður rústir af sjóbúð og tveim eða þrem naustum. Nú hefur sjó brotið, svo menjar þeirra eru horfnar.“ (ÖH, 3-4).

Höskuldsstaðir-70

Sérheiti: Ósvík

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildum mun sjóbúð hafa verið í Ósvík og einhver naust sem nú eru horfin sökum landbrots.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Norðan við Spönskunöf heitir Ósvík. Út í hana fellur Laxá. Eru að víkinni brattar brekkur grasi vaxnar, en niðri í henni voru áður rústir af sjóbúð og tveim eða þrem naustum. Nú hefur sjó brotið, svo menjar þeirra eru horfnar.“ (ÖH, 3-4).

Höskuldsstaðir-71

Sérheiti: Hvammshlíð

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabók Árna og Páls segir: „Selstöðu á staðurinn, sem kallast Hvammshlíð og kallast Höskuldsstaða seljörð, þetta land liggar áfast við Þverárland fram á fjallinu til marks við Skrapatungu“ (JÁM, 438). Í Föðurtúni segir af seljum: „Austur af Neðri-Mýrum voru Mýrarhús, sem búið var í fyrir aldamót, en uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar. Annað var á Hvammshlíðardal, en það lagðist skjótlega af sökum draugagangs“ (Föðurtún, 60). Í Árbók Ferðafélagsins 2007 segir: „Á dalamótum Ambáttardals og Hvammshlíðardals er Höskuldsstaðasel“ (JT, 161).

Lýsing

Sel í Hvammshlíð var ekki skráð á vettvangi 2008.

Höskuldsstaðir-72

Sérheiti: Kaldbakssel

Hlutverk: Sel

Staðhættir

Í Föðurtúni segir af seljum: „Austur af Neðri-Mýrum voru Mýrarhús, sem búið var í fyrir aldamót, en uppi á Kaldbaksdal var annað býli um tíma, Kaldbakssel. Var það eitt af Höskuldsstaðaseljum, en þau voru alls þrjú og þó eigi notuð nema eitt í einu og öll í tíð síra Björns Þorlákssonar“ (Föðurtún, 60).

Lýsing

Kaldbakssel var ekki skráð á vettvangi 2008.

Höskuldsstaðir-73

Sérheiti: Vörðubolli

Hlutverk: Varða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru austar er Vatnadalur og Einbúi. Vestur úr Vatnadal gengur vik inn í mel og grjóthrygginn og heitir Urðarbolli eða Vörðubolli“ (ÖH, 2).

Lýsing

EKKI þekktu heimildamenn örnefnið og þekktu ekki til þess að það væri varða á þessu svæði.

Höskuldsstaðir-74

Fvrnr.: 10756

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti lá heimreiðin nálega á sama stað og hún liggur núna en heldur lengra til norðausturs að gamla bænum. Heimreiðin er nú horfinn undir veg.

Höskuldsstaðir-75

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Árbók Fornleifafélagsins frá 2000-2001 ritar Þórgunnur Snaðal um rúnir, þar er skráður rúnasteinn og er í greininni með raðnúmerið 40: „Höskuldsstaðir, Austur-Húnnavatnssýslu, liggur ásamt fleiri gömlum legsteinum á stalli í sauðausturhorni kirkjugarðsins, stuðlaberg, l. 182cm, þ. 32-36 cm, br. 39 cm, rh. 6-7 cm.“ Á steininn er letað, Hér hvílir síra Marteinn prestur. Telur Þórgunnur að steininn hafi líklega verið lagður yfir séra Martein Þjóðólfsson sem lést árið 1383. (PS, 28).

Höskuldsstaðir-76

Hlutverk: Hestasteinn

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Árbók Ferðafélagsins frá 2007 segir frá hestasteini á Höskuldsstöðum: „Loks skal drepið á hestasteininn sem Færeyingurinn Nikulás Mohr segir frá undir lok 18. aldar [tilvitnun er tekin beint úr Árbók Ferðafélagsins]: „kom ég auga á afar langan og fallegan blágrýtisstein framan við kirkjudyrnar. Stóð annar endi hans í jörðu og notaði kirkjufólkið hann til þess að binda við hann hesta sína. Eftir því sem ég best fékk séð var ekkert af þessari bergtegund þarna í nágrenninu. Ég spurði því hvert menn hefðu sótt svo mikinn blágrýtisstuðul, og allir sögðu

sömu þjóðsöguna um það að tröllkona hefði endur fyrir löngu slöngvað honum þangað ofan úr fjöllunum”“ (JT, 174).

Syðri-Hóll og hjáleigan Kollugerði - Söguágrip



Mynd 9. Syðri-Hóll, horft er til norðausturs.

Elsta heimild sem getur Syðri-Hóls er máldagi Péturs Nikulássonar biskups á Hólum, þar sem segir að Höskuldsstaðakirkja allt heimaland, Hólsland, Þverárland og Syðri-Hól allan. Aftur er getið um jörðina í máldaga Maríukirkju á Höskuldsstöðum frá því er Pétur Nikulásson vígði kirkjuna 1395 og rekaskrá kirkjunnar frá sama ári.²⁰

Jörðin var enn í eign Höskuldsstaðakirkju á Skagaströnd árið 1708. Landsskuldin greiddist með 3 daga slætti eða með skepnufóðri að virði 20-30 álnum og landaurum. Kúgildin voru greidd í smjöri.²¹

Helstu jarðarhlunnindi voru torfstunga- og rista, en tað var notað í stað eldiviðar 1708. Engi og tún spilltust af vatni og grjótskriðum og búfénaði var hætt við snjóskriðum og dýjum.²² Hjáleigan Kollugerði var á parti af heimajörðinni og átti allt sameiginlegt með henni nema hús og tún. Landsskuld af hjáleigunni var greidd í beit og slægjum og kúgildin í smjöri.²³

Syðri-Hóll var 35 hundruð að fornu mati og Hjáleigan Kollugerði 5 hundruð. Saman voru jarðirnar metnar á 19 hundruð árið 1848.²⁴

²⁰ DI III, 1896. Bls. 599-601.

²¹ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 435.

²² Jarðabók VIII, 1926. Bls. 435.

²³ Jarðabók VIII, 1926. Bls. 435.

²⁴ Ný jarðabók, 1861. Bls. 90.

Náttúrufar og jarðabætur

Í jarðamati frá 1849-50 er jörðin metin alls á 40 hundruð þar af er hjáleigan Kollugerði talin 5 hundruð, ekki eru þinglýst landamerki milli jarðanna. „Túnið á Syðrahóli bæði þýft og greiðfært, fremur lítið, grasgefið vel og mjúkslægt, liggur í góðu hlé fyrir landnýrðinga, fóðrar freklega 5 kýr; slægjur hinar hægustu, rétt útúr túninu og fremur snöggendar, en grasgóðar, en ekki miklar; sumarhagar þraungir og litlir fyrir búsmala, ef töluverður er, einnig mjög kostaléttir, því hagarnir eru mikinn part hrjóstur en mjög nærtækir og hægir, vetrarbeit engin að kalla, því þessi litla landeign leggur strax undir, og kaupir Syðrahóls maður árlega vetrarbeit að öðrum. –Mótak ekki þekt.- Túnið í Kollugerði heldur greiðfært, í meðallagi grasgefið, fóðrar 1 kú, slægjur solitlar sem engar, sumarhagar og vetrarbeit í einu lagi með Syðrahóli, og því eins hvort á sinn hátt.“²⁵ Í jarðamati frá 1916 segir að jörðin sé kirkjujörð frá Höskuldsstöðum og ábúandi sé Björn Magnússon. Túnið var þá talið 15 dagsláttur, hólótt, að helmingi þýft en í sæmilegri rækt og liggur vel við útgræðslu. Engjar eru yfirleitt litlar og á dreif um bithaga og enn fremur í hvammi við Laxá, ábúandi telur það gefa af sér um 180hb árlega og eru hey holl og lystug. Beitiland er fremur lítið, nær ekkert fyrir hross en sæmilegt fyrir sauðfé. Ábúandi telur jörðina geta framfleytt 3 kúm, 80 sauðfjár og 5 hrossum. Vatnsból er í læk rétt við bæinn, mótkar er sæmilegt en torfrista ekki góð.²⁶

²⁵ Úr jarðamati frá 1849-50, nr. 49 og 50.

²⁶ Jarðamat 1916, nr. 255.

Fornleifaskráning



Mynd 10. Gamli bæjarhóllinn á Syðra-Hóli. Horft er til norðurs.

Syðri-Hóll -1

Fvrnr.: 10652

Sérheiti: Bæjarhóll

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Hóll

Staðhættir

Bæjarhóllinn er tæplega 130m norðvestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hóli.

Lýsing

Hann er hár og reisulegur, um 70x80m að ummáli. Búið er að rífa bæinn og sáust hans ekki merki vegna mikils gróðurs þegar skráð var í ágúst 2008. Gamla heimreiðin liggur upp á hólinn að austan og norðan í honum er lítill kofi, kartöflugeymsla, hlaðin úr torfi og grjóti með tréþili að framan. Utanmál hólsins er um 85x70m. Gamli bærinn brann í kringum 1960 og var íbúðarhúsið sem stendur neðar en gamli bærinn, reist sama ár.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Bæjarhóll heitir hóllinn, sem bærinn stendur á og dregur nafn sitt af. Hann er hár og brattur mjög að vestan“ (ÖSH, 1). Í Húnaþingi er bæjarstæðinu svo lýst: „Hið forna bæjarstæði var á allháum hól undir hlíðarrótum. Þaðan var hið fugursta útsýni yfir Húnaflóa. Gamli bærinn var með burstastíl með grasi grónum þekjum og fél vel inn í hlýlegt umhverfi. Nú stendur bærinn miklu neðar“ (Húnaþing, 128).

Í úttekt á hálfendum Syðrahóls frá 1874 eru nefnd eftirfarandi hús: baðstofa, göng til bæjardyra, búr, kofi fyrir austan búrið, fjós yfir þrjár kýr. (Úttektarbók Vindhælishrepps frá 1874). Í jarðamati frá 1916 segir að hús jarðarinnar séu: „baðstofa, búr og eldhús, ásamt

gangi frá útidyrum til þessara húsa, svo og fjós yfir 6 gripi, þessi hús gömul og fremur léleg torfhús.“ (Jarðamat 1916, nr. 255).

Syðri-Hóll -2

Fvrnr.: 10697

Sérheiti: Bæjarhóll

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Bæjarhóllinn er tæplega 130m norðvestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hóli.

Lýsing

Hann er hár og reisulegur, um 70x80m að ummáli. Búið er að rífa bæinn og sáust hans ekki merki vegna mikils gróðurs þegar skráð var í ágúst 2008. Gamla heimreiðin liggur upp á hólinn að austan og norðan í honum er lítill kofi, kartöflugeymsla, hlaðin úr torfi og grjóti með tréþili að framan. Utanmál hólsins er um 85x70m.

Syðri-Hóll -3

Fvrnr.: 10698

Sérheiti: Kerlingarleiði

Hlutverk: Legstaður

Tegund: Haugur

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Undir hólnum miðjum [átt er við Bæjarhóllinn] vestanverðum er aflöng grjóthrúga, og heitir hún Kerlingarleiði“ (ÖSH, 1).

Lýsing

Suðvestur undir bæjarhólnum er aflangur haugur sem liggur nna/ssv, 1,2x3,5m að ummáli. Hann er um 40sm hár og gróið en sér í grjót í haugnum.

Nánari lýsing

„Er gömul sögn, að þar hafi verið dysjuð gömul kona. Hafi hún ekki viljað fara frá Hóli lifandi eða dauð og beðið þess, að hún yrði grafin undir hólnum. En til þess mæltist hún, að húsmæður á Hóli vildu kasta steinum á leiði sitt, svo að síður skyldi það sökkva í jörð og gleymast. Væri það gert, myndi vart bregðast gras í hólbrekunni. Ræktu húsmæður vel þá kvöð fram um 1890, enda spratt vel brekkan“ (ÖSH, 1).



Mynd 11. Legsteinn kerlingar. Neðst á steininum má greina stafina I og H.

Syðri-Hóll -4

Fvrnr.: 10699

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Fáum skrefum sunnar en leiðið [átt er við Kerlingarleiðið] er grágrjótssteinn allstór, ferkantaður með sléttum flötum. Er hann reistur á rönd, og sjást stafir klappaðir á þá hlið hans, er vestur snýr. Er sagt, að þetta sé legsteinn kerlingar og að á honum sé fangamark hennar“ (ÖSH, 1).

Lýsing

Steinninn er um 10m suðaustur af haugnum, hann er 75x40sm að utanmáli. Stafir eru á honum neðst til hægri mótt suðvestri. Erfitt var að lesa í letrið en það virtist a.m.k. vera hægt að greina stafina I og H.

Nánari lýsing

„Stafirnir á steininum eru I.H.S. (gömul skammstöfun á Jesúss). Bendir það til, að hér sé um að ræða sakakonu, er ekki hafi þótt kirkjugræf. Á hið sama bendir og sá siður að kasta steinum að leiðinu“ (ÖSH, 1).

Syðri-Hóll -5

Fvrnr.: 10700

Hlutverk: Túngrarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Túngrarður er ofan við bæinn, eða norðan hans.

Lýsing

Hann liggar frá suðaustri til norðvesturs alls um 108m langur og endar við Bæjargilið. Hann er vel stæðilegur um 80sm hárr og 100-150sm breiður. Garðurinn er gróinn en rof er í hann á nokkrum stöðum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir:

„Fyrir austan og norðan bæinn eru stallar og slakkar á milli, og er þar kallað einu nafni Hvammar út að túngarði og niður að götu, sem liggar út túnið frá bænum“ (ÖSH, 1) Túngrássins er aftur getið síðar: „Sunnan við dragið, vestan fram með túngarðinum, er brekkuhall og slakki undir, er nær suður að túngarði. Heitir slakkinn Seigla, og kölluðu sláttumenn það réttnefni áður fyrr“ (ÖSH, 2). Og enn segir í örnefnaskrá: „Neðan við sjálft túnið, báðum megin bæjarlækjarins, hétu Fitjar og náðu upp að garðlöögum, er upprunalega hafa verið túngarður.“ (ÖSH, 2).



Mynd 12. Horft eftir túngarðinum til norðvesturs.



Mynd 13. Lambhúsið séð að framan. Horft til norðausturs.

tréstafn með tveimur hurðum sína við hvorn útvegg. Þriggja rúðu gluggi fyrir miðju. Bárujárn

Syðri-Hóll -6

Fvrnr.: 10701

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Hús

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni er hús það sem stendur syðst á Húsaþól (norðaustur af bænum) kallað Lambhús.

Lýsing

Húsið stendur enn og er 6x7,5m að utanmáli og liggar suðvesturnorðaustur. Það er hlaðið úr torfi og grjóti. Hæð veggja að utan mest um 170sm til suðvesturs. Blikkklæddur

undir torfþaki og bárujárnsklæddur norðurveggur að innan. Grjóthleðslur í veggjum að innan 4-5 raðir. Grjóthlaðinn garði í miðju, 90sm breiður. Þrjár raðir af grjóti og þunn steypt plata ofaná. Garðabönd úr timbri. Gat hefur verið útúr tóftinni að aftan ofan á garðanum. Örlítið niðurgrafið heystæði er aftan við, fullt af brotajárn. Á túnakorti frá fyrri hluta 20. aldar má sjá að fjárhús hefur staðið nálega á sama stað og lambhúsið gerir í dag.

Syðri-Hóll -7

Fvrnr.: 10702

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnuhvoll heitir vik í miðjum Hvömmunum, upp við túnjaðar, og eru Hvammarnir þar hæstir. Vestan við götuna, niður undan miðju Langaskeiði, var áður fjárhús og hesthús“ (ÖSH, 2).

Lýsing

Ekki vissi heimildamaður nákvæmlega hvar húsin höfðu staðið en taldi að þau að líkindum hafa staðið utan við bæinn, á hávaðanum utan við bæjarhólinn, þar sem stundum koma niður snjóflóðaspýjur. Á vettvangi mátti sjá fjórar dældir á þessu svæði þar sem mögulega hefur staðið útihús og rétt sú sem skráð er nr. 8. Þar af leiðandi fá nr. 7 og nr. 8 sömu hnit í hnitatöflu og verður að gera ráð fyrir um það bil 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

„Í janúar 1887 féll snjóflóð á fjárhúsið, braut það niður og drap 7 kindur af nálega 30, er þar voru. Síðan var rétt byggð, þar sem fjárhúsið var. Þær byggingar voru niður lagðar 1914 og seinna sléttað yfir. Slakki var fram undan húsunum, en vestan við hann var stórpýfður og brattur mór, sem kallaður var Helvíti. Það var plægt niður og sléttað 1930“ (ÖSH, 2).

Syðri-Hóll -8

Fvrnr.: 10703

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnuhvoll heitir vik í miðjum Hvömmunum, upp við túnjaðar, og eru Hvammarnir þar hæstir. Vestan við götuna, niður undan miðju Langaskeiði, var áður fjárhús og hesthús“ (ÖSH, 2).

Lýsing

Ekki vissi heimildamaður nákvæmlega hvar húsin höfðu staðið en taldi þau að líkindum hafa staðið utan við bæinn, á hávaðanum utan við bæjarhólinn, þar sem stundum koma niður snjóflóðaspýjur. Á vettvangi mátti sjá fjórar dældir á þessu svæði þar sem mögulega hefur staðið útihús og rétt sú sem skráð er nr. 8. Þar af leiðandi fá nr. 7 og nr. 8 sömu hnit í hnitatöflu og verður að gera ráð fyrir um það bil 30m skekkju.

Aðrar upplýsingar

„Í janúar 1887 féll snjóflóð á fjárhúsið, braut það niður og drap 7 kindur af nálega 30, er þar voru. Síðan var rétt byggð, þar sem fjárhúsið var. Þær byggingar voru niður lagðar 1914 og seinna sléttað yfir. Slakki var fram undan húsunum, en vestan við hann var stórpýfður og brattur mór, sem kallaður var Helvíti. Það var plægt niður og sléttað 1930“ (ÖSH, 2).

Syðri-Hóll -9

Fvrnr.: 10704

Hlutverk: Fjárhús og hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti má sjá fjárhús og hesthús, sambyggð, í suðvesturhorni túnsins rúma 180m suður af gamla bænum. Samkvæmt heimildamanni stóðu húsin nálega þar sem íbúðarhúsið stendur í dag. Ef marka má teikningu af húsinu á túnakorti þá hafa húsið verið um 18x18m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Í jarðamatí frá 1916 segir: „Hús ábúanda eru geymsluskemma léleg og peningshús fyrir 100fjár og 14 hross, -heldur góð torfhús.“ (Jarðamat 1916, nr. 255).

Syðri-Hóll -10

Fvrnr.: 10705

Sérheiti: Fjósvöllur

Hlutverk: Fjós, Garðlag

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Milli bæjarlækjar og drags þess, sem liggur ofan í túnið í framhaldi af Bæjarglinu og er gamall lækjarfarvegur, er tunga, sem kölluð er Fjósvöllur“ (ÖSH, 2). Við norðurhorn skógræktarinnar, norðaustur af gamla bænum er veggbleðsla, hugsanlega hluti sumarfjóss eða brot af garði utan um skógræktina?

Lýsing

Garðlagið er um 20sm hátt og 40sm breitt og alls um 4m langt. Það liggur norðvestur/suðaustur frá bæjarlæknum.

Nánari lýsing

„Dregur hann nafn sitt af því, að meðan útifjós var, stóð það við buginn, sem verður á læknum fyrir sunnan og ofan bæinn. Þar sem fjósið stóð áður, er nú blómagarður. Fjósvöllurinn var allur þýfður áður, og höfðu sumar þúfurnar nöfn.“ (ÖSH, 2).

Syðri-Hóll -11

Fvrnr.: 10706

Sérheiti: Húsahóll

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnan og vestan við Seiglu, syðst á túninu, er hár hóll, brattur að austan og norðan, en aflíðandi að vestan og sunnan. hann heitir Húsahóll, og hafa þar staðið peningshús jafnan, stundum tvö eða fleiri“ (ÖSH, 2). Á túnakorti er fjárhús syðst í túninu. Þar standa nú hús í dag sem kölluð eru Lambhús en ljóst er af túnakorti að þar hefur áður staðið fjárhús á mjög svipuðum slóðum.

Lýsing

Ef marka má teikningu hússins á túnakorti hefur það verið rúmlega 20m langt og 6m breitt. Húsið er teiknað inn á kortið eftir túnakorti sem lagt ert yfir hnitaða loftmynd af svæðinu. Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Syðri-Hóll -12

Fvrnr.: 10707

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðaustur af bæjarhólnum er garðlag.

Lýsing

Garðagið liggur upp í brekkuna ofan við bæinn, það er gróið um 13m langt og um 1,5m á breidd, hæð þess er um 30sm. Hlutverk garðlagsins og aldur er óviss.

Syðri-Hóll -13

Sérheiti: Móholt

Hlutverk: Móþurrkun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Fyrir neðan Fitjarnar og allt túnið hét einu nafni Mýri, og taldist hún ná ofan að vegi og allt suður á merki. Í mýrinni eru holt syðst og nyrzt. Suður í mýri er melholt nokkuð, sem óðum gróa upp. Þau heita Móholt, því að þangað er mór fluttur til þerris.“ (ÖSH, 2).

Lýsing

Að líkindum er Móholt rétt ofan við suðurenda túnsins. Engin merki sjást um mótoftir og óvist hvort að slíkar hafi nokkurn tímann verið þar.

Syðri-Hóll -14

Fvrnr.: 10708

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Fyrir neðan Fitjarnar og allt túnið hét einu nafni Mýri, og taldist hún ná ofan að vegi og allt suður á merki. Í mýrinni eru holt syðst og nyrzt. Suður í mýri er melholt nokkuð, sem óðum gróa upp. Þau heita Móholt, því að þangað er mór fluttur til þerris“ (ÖSH, 2).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni voru mógrafirnar syðst og austast í túninu, nú komnar undir tún.

Syðri-Hóll-15

Fvrnr.: 10709

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Garðlag er suðaustan við bæinn upp í brekkunni ofan við suðausturhorn suðaustasta túnsins, um 260m austur frá bænum.

Lýsing

Garðagið liggur til austurs upp brekkuna um 2m á breidd neðst og um 50-60sm hátt, um 25m langt. Norðan við garðagið er mýri en sunnan við kemur hólraní sem gengur til suðvestur niður undan brekkunni, hugsanlega Móholt það sem nefnt er í örnefnaskrá.

Syðri-Hóll-16

Fvrnr.: 10743

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Tóft var ofan við gamla veginn, rúmlega 270m vestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hóli. Þar er nú sléttá tún og engar minjar sýnilegar. Samkvæmt heimildamanni stóð þar áður hesthús. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns og gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

Syðri-Hóll-17

Fvrnr.: 10710

Hlutverk: Úthús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Tæplega 290m vestur af íbúðarhúsinu, tæplega 60m ofan við réttina er þurr og harður allstór blettur í túninu. Heimildamaður frá Syðra-Hóli minnir að þar hafi verið tóft þegar hann var barn en nú búið að sléttu yfir hana og engar minjar eru sýnilegar á yfirborði.

Syðri-Hóll -18

Sérheiti: Eyrarhús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Neðst í Mýrinni, norðan við lækinn, var smágert en krappt vallendisþýfi, og stóð þar áður peningshús (fjárhús og hesthús)“ (ÖSH, 3).

Lýsing

Heimildamaður þekkti ekki til húsanna.

Aðrar upplýsingar

„Það var kallað Eyrarhús, og fylgdi nafnið móunum, eftir að húsið var rifið. Þar var síðan sléttuð og gert tún 1937“ (ÖSH,3).

Syðri-Hóll -19

Fvrnr.: 10744

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Leið

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 liggur heimreiðin niður bæjarhólinn og niður túnið. Hún sést enn glögglega í túninu og sneiðingur er upp á bæjarhólinn að austan, alls tæplega 150m á lengd.



Mynd 14. Gamla heimreiðin sést glögglega í túninu. Horft er til suðvesturs.



Mynd 15. Stelksgerði, horft er til vnv. Tóftin er efst á hólnum en framan við hann og hægra megin virðist vera garðlag.

vestur/suðaustur með dyr mótt suðaustri. Nyrðri tóftin er 3x1,2m að innanmáli. Veggur til suðvesturs er að hluta rofinn í burtu, þ.e. innri brún hans. Hæð veggja er mest um 50sm nema til norðvesturs og suðausturs en þar er hann um 20-25sm. Tóftin er algróin og ekki sér í grjót. Framan við dyraop tóftarinnar sem er um 60sm breitt og frá því liggja veggir til suðausturs. Garðlag liggur í boga norðaustan við tóftina, greinilegast til endanna en fremur ógreinilegt fyrir miðju. Það er um 120sm breitt og 30sm hátt, algróið.

Syðri-Hóll -21

Fvrnr.: 10712

Sérheiti: Stelksgerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Tæplega 300m norðvestur af bæjarhúsunum er hóll, Stelksgerði og umhverfis hann virðist vera garðlag.

Lýsing

Garðbrot virðast vera á fjórum stöðum umhverfis hólinn, hugsanlega er þó um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða. Suðaustur undir hólnum er rof í hluta garðlagsins og þar sést í grjót sem gæti verið hleðslugrjót. Mesta hæð er um 50sm en breidd um 1-1,5m. Garðlagið er gróið nema þar sem rof er í það og er það alls um 60m langt.

Syðri-Hóll -20

Fvrnr.: 10711

Sérheiti:

Stelksgerði

Hlutverk:

Stekkur/fjárhús?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 300m norðvestur af bæjarhúsunum er hóll, tæplega 2m á hæð og á honum er tóft. Hóllinn er um 25x17m að ummáli.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og norðaustan við hana er garðlag, hugsanlega stekkjartóft. Hún liggur norð- vestur/suðaustur með dyr mótt suðaustri. Nyrðri tóftin er 3x1,2m að innanmáli. Veggur til suðvesturs er að hluta rofinn í burtu, þ.e. innri brún hans. Hæð veggja er mest um 50sm nema til norðvesturs og suðausturs en þar er hann um 20-25sm. Tóftin er algróin og ekki sér í grjót. Framan við dyraop tóftarinnar sem er um 60sm breitt og frá því liggja veggir til suðausturs. Garðlag liggur í boga norðaustan við tóftina, greinilegast til endanna en fremur ógreinilegt fyrir miðju. Það er um 120sm breitt og 30sm hátt, algróið.





Mynd 16. Garðlag, horft er til suðausturs í átt að Syðra-Hóli.

Hann er rofinn á tveimur stöðum og hefur hugsanlega rofnar við lagningu jarðvegsstrengs. Hann er rúmlega 40m langur og liggur um 15m langur garður til norðvesturs frá honum.

Syðri-Hóll -22

Fvrnr.: 10713

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðan við túnið, um 750m norðvestur af íbúðarhúsinu á Syðra-Hóli er varða.

Lýsing

Hún er 2x2m að grunnmáli og um 40-50sm há. Stórt grjót í undirstöðum yst en smá hnallungar í miðju.

Syðri-Hóll -22

Fvrnr.: 10713

Hlutverk: Garður

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Rúmlega 100m norðvestur af Stelksgerði er garðlag sem virðist nokkuð gamalt.

Lýsing

Það liggur norðan þjóðvegar frá suðvestri til norðausturs upp brekku. Garðlagið er gamalt að sjá, jarðsokkið og nokkuð hrunið og mest um 3m þar sem það er breiðast og er hann um 70.



Mynd 17. Varða. horft er til suðvesturs, Kollugerðistjörn í baksýn.



Mikið grjót er í veggjum.

Syðri-Hóll -24

Fvrnr.: 10715

Hlutverk: Skotbyrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 850m norðvestur af bæjarhúsunum er byrgi á litlum hólranum og þurr lækjarfarvegur norðan við.

Lýsing

Byrgið er um 2x2m að utanmáli, hæð veggja er 60sm og eru þeir 90sm breiðir til norðurs Dyraop 40sm.

Syðri-Hóll -25

Fvrnr.: 10716

Sérheiti: Kvíabarð


Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Móabarðið fyrir ofan hvammana efst í túninu heitir Kvíabarð. Syðst á því eru Kvíar, nú í rúst“ (ÖSH, 5). Kvíabarð er beint upp af gamla bæjarhólnum um 60m til norðausturs.


Syðri-Hóll - kvíar



Lýsing

Kvíatóftin er aflöng og liggur á barðinu samsíða brekkunni í stefnuna norðvestur/suðaustur. Hún er tvískipt og er norðausturveggur byggður inn í brekkuna. Töluluvert er af stórum þúfum í tóftinni, mikill gróður var í henni þegar skráð var í ágúst 2008. Innanmál austari tóftar sem jafnframt er minni er um 3,5x1,2m. Mesta hæð veggja er um 50sm og breidd veggja um 60sm. Dyr virðast vera mótt suðvestri og einnig virðist innangengt yfir í syðri tóftina, milliveggur er um 80sm á breidd. Nyrðri tóftin er um 6,5x1,2m að innanmáli, hæð veggja 50sm til suðvesturs en hærri um 80sm upp í brekkuna, breidd veggja er um 80sm. Það sér í grjót í vegg á einum stað og einn stór steinn er í nyrðri tóftinni við millivegg.

Syðri-Hóll - kvíar



Syðri-Hóll -26

Fvrnr.: 10717

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekkunni ofan við bæinn, um 220m norður af íbúðarhúsini er tvískipt tóft. Eða tvær tóftir misgamlar.

Lýsing

Vestari tóftin er greinilegri, 3x3m að innanmáli, veggir 60sm breiðir og um 50sm háir en svolítill kantur er niður frá tóftinni til suðurs. Önnur tóft er suðaustan við, hugsanlega samþyggð en gæti verið eldri, hún er 2x3m að innanmáli. Hæð veggja er um 15-40sm en veggur til norðurs er aflíðandi upp í brekkuna.

Syðri-Hóll -27

Fvrnr.: 10718

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekkunni ofan við bæinn, um 220m norður af íbúðarhúsini er tvískipt tóft. Eða tvær tóftir misgamlar.

Lýsing

Vestari tóftin er greinilegri, 3x3m að innanmáli, veggir 60sm breiðir og um 50sm háir en svolítill kantur er niður frá tóftinni til suðurs. Önnur tóft er suðaustan við, hugsanlega samþyggð en gæti verið eldri, hún er 2x3m að innanmáli. Hæð veggja er um 15-40sm en veggur til norðurs er aflíðandi upp í brekkuna.



báðum þessum lautum. Stekkurinn í efri lautinni var síðast gerður upp vorið 1889. Víðar í brekkunum sjást stekkjarrústir“ (ÖSH, 5). Tæplega 420m norður af bænum er grasi gróin laut og efst í henni er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norður/suður og er byggð upp undir brekku. Réttin er til suðurs og kró til norðurs og er brekkan notuð sem austurveggur. Réttin er 4x5m að innanmáli. Hæð veggja er um 40sm en hallar upp með brekkunni upp í 60sm hæð. Króin er 3x1m að innanmáli, hæð veggja er 30sm en 60sm þar sem tóftin liggur upp við brekkuna. Réttin er opin til vesturs og innangengt er í krónna. Tóftin er algróin og ekki sér í grjót.

Syðri-Hóll -29

Fvrnr.: 10720

Hlutverk: Rétt?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 30m nnv af tóft **nr. 28** er grasi gróið drag og efst í því er veggjalag sem skiptir draginu í tvennt og er hugsanlega einhverskonar gripheldi.

Lýsing

Sunnan við garðlagið er hólf um 2x4m að innanmáli en þrengist syðst. Nyrðra hólfíð er 1,8x2,5m og fyrir því miðju virðist vera veggjalag, en gæti verið hrun úr vegg, 40sm breitt og 10sm hátt. Garðlagið er um 80sm breitt en breikkar neðst og er þar um 100sm, það er um 25sm hátt.

Syðri-Hóll -30

Fvrnr.: 10721

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 30m nnv er grasi gróið drag og efst í því er veggjalag sem skiptir draginu í tvennt og er hugsanlega einhverskonar gripheldi. Rúmum 12m þar suðvestan við er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin liggur undir brattri brekku þar sem dragið er að víkka. Tóftin er frekar lítil, hugsanlega kofi. Hún er 100x90sm að innanmáli, veggir eru 80sm breiðir en ekki nema 10-15sm háir. Brekkan er notuð sem norðurveggur. Tóftin er í halla og er brekka beint niður af henni.

Syðri-Hóll -28

Fvrnr.: 10719

Sérheiti: Stekkjarlaut

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Móabarðið fyrir ofan hvammana efst í túninu heitir Kvíabarð. Syðst á því eru Kvíar, nú í rúst. Út og upp af Kvíabarðinu er lautarslacki, og nefnist hann Stekkjarlaut eru þær raunar tvær, önnur minni utar og neðar. Stekkjarrústir eru í

Syðri-Hóll -31

Fvrnr.: 10722

Sérheiti: Stekkjarlaut?

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Móabarðið fyrir ofan hvammana efst í túninu heitir Kvíabarð. Syðst á því eru Kvíar, nú í rúst. Út og upp af Kvíabarðinu er lautarslakki, og nefnist hann Stekkjarlaut eru þær raunar tvær, önnur minni utar og neðar. Stekkjarrústir eru í báðum þessum lautum. Stekkurinn í efri lautinni var síðast gerður upp vorið 1889. Víðar í brekkunum sjást stekkjarrústir“ (ÖSH, 5). Tæplega 100m vestan við innri Stekkjarlautina er önnur tóft, nokkuð stærri, hugsanlega stekkur.

Lýsing

Tóftirnar virðast vera nokkuð gamlar, þær eru tvískiptar og hugsanlega er einnig lítil tóft til norðurs. Stærsta tóftin, hugsanlega rétt, er 5x1m að innanmáli, um 80sm breitt dyraop er til norðvesturs. Ekki er að sjá að það sé innangengt í tóftina til austurs sem er 2x2m að innanmáli, hugsanlega kró. Veggir í henni eru lágir um 5-20sm en veggir í stærri tóftinni eru 50-60sm en hæstir til austurs þar sem hann er aflíðandi um 120sm hárr. Tóftirnar eru algrónar og hvergi sér í grjót þær falla nokkuð vel inn í umhverfi sitt sem er stórbýft.



Syðri-Hóll -32

Fvrnr.: 10723

Sérheiti: Stekkjarlaut?

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 100m vestan við innri Stekkjarlautina er önnur tóft, nokkuð stærri, hugsanlega stekkur og kofatóft við suðvesturhorn hans.

Lýsing

Kofatóftin er 120x100sm að innanmáli, hæð veggja er um 30sm og breidd 50sm. Dyr eru á horni til suðurs. Hún er algróin og virðist gömul.

Syðri-Hóll -33

Fvrnr.: 10724

Sérheiti: Stekkjarlaut?

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku tæplega 30m norðan og ofan við tóftir sem skráðar eru nr. 31 og 32 er önnur stekkjartóft sem stendur á grónum sléttum bala.

Lýsing

Tóftirnar eru vel grónar eins áður skráðar tóftir (nr. 31 og 32) en umhverfi þeirra er sléttara og því falla þær ekki eins vel inní umhverfið. Tóftin er tvískipt og liggur norðvestur/suðaustur og liggur garður til vesturs frá tóftinni að líkindum til að auðvelda innrekstur í hana. Réttin er 2x7m að innanmáli og dyr til norðvesturs. Veggir eru til norðurs

og suðurs en brekkan er notuð til austurs. Króin er 100-140sm að innanmáli. Veggir eru um 130sm breiðir og um 50sm háir.

Syðri-Hóll -34

Fvrnr.: 10725

Hlutverk: Heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við merkjagirðingu milli Syðra-Hóls og Höskuldsstaða í suðvesturhorni eru tvær tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er uppblásin að hluta og liggur merkjagirðingin yfir vestasta hluta hennar, ummál hennar er 5x4m. Grjót sést á nokkrum stöðum inní tóftinni en ekki í veggjum. Breidd veggja er 90sm en hæð þeirra 30sm. Gras og ljóslöpp eru í tóft en lyng og mosi á melnum umhverfis.

Syðri-Hóll -35

Fvrnr.: 10726

Hlutverk: Heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir


Við merkjagirðingu milli Syðra-Hóls og Höskuldsstaða í suðvesturhorni Syðra-Hólslands, um 1100m vsv af bænum eru tvær tóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er grænni og heldur meiri um sig en ummál hennar er 7x4m. Grjót sést í veggjum að vestan en þeir eru allir mjög vindsorfnir og lágir. Mesta breidd er 130sm og hæð 30-40sm.



Mynd 18. Hleðsla brún Stekkjarhvamms. Horft er til austurs, Laxá er til hægri á mynd.



Syðri-Hóll -36

Fvrnr.: 10727

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir og lýsing

Á norðvestur hvammbrún Stekkjar/Einbúahvamms er steinlögn um 120x160sm. Hleðslan snýr u.þ.b nnv/ssa og stendur í smá halla til ssa og stefnir á Einbúann og er um 200m norðvestur af honum. Stórir steinar eru með útbrúninni en smærra grjót í miðju. Virðist manngert.

Syðri-Hóll -37**Fvrnr.: 10728****Hlutverk:** Mógröf**Tegund:** Niðurgröftur**Staðhættir**

Syðst og vestast í landi Syðra-Hóls, á norðurbakka Kollugerðistjarnar, tæplega 300m vestur af Kollugerði er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er tæplega 10m norður af vatnsbakkanum og er um 9x8m að utanmáli. Mesta dýpt er um 60sm.



Mynd 19. Einbúi fyrir miðri mynd, Laxá til hægri. Horft er til austurs.

Syðri-Hóll -38**Fvrnr.: 10729****Sérheiti:** Einbúi**Hlutverk:** Átrúnaður**Tegund:** Hóll**Staðhættir**

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Í Syðra-Hólslandi eru þrír hvammar við Laxá. Hinn neðsti þeirra heitir Stekkjarhvammur (líka kallaður Hólsstekkkjarhvammur og Vaðhvammur). Í honum nær miðjum við ána er kollóttur melhóll, heldur lítill um sig, sem heitir Einbúi. Því var trúð áður, að þar byggi huldufólk.“ (ÖSH, 3).

Lýsing

Einbúi er í Einbúa- eða Stekkjarhvammi, rétt norðan Laxár. Það er allhár hóll, algróinn lyngi og mosa en berir klettar í átt að ánni.

Syðri-Hóll -39

Fvrnr.: 10730

Sérheiti: Einbúavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Rétt ofan við Einbúann er annað vað, og heitir það Einbúavað“ (ÖSH, 3).

Lýsing

Punktur var tekinn á vaðinu samkvæmt lýsingu úr örnefnaskrá. Sandeyrar eru þarna beggja megin meðfram ánni en ekki er vitað hvort vaðið er reiðfært í dag. Skekkja á punkti getur verið nokkur.

Syðri-Hóll -40

Fvrnr.: 10401

Sérheiti: Lestavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir


Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Neðst í hvamminum [Stekkjarhvammi] er vað á Laxá og heitir Lestavað“ (ÖSH, 3).

Lýsing

Punktur var tekinn á vaðinu samkvæmt lýsingu úr örnefnaskrá og getur því verið nokkur skekkja á því. Vaðið er einnig skráð með Sölvabakka.

Aðrar upplýsingar

Í Föðurtúni segir: „Áður lá þjóðvegurinn yfir ána skammt fyrir ofan fossinn, og var þar vað á henni, en hættulegt gat það verið, ef áin var í miklum vexti, enda varð það að slysi fyrir allmögum árum síðan, er stúlka ein féll af hestinum og lenti ofan í gljúfrin. Var þar talið reimt síðan“ (P.V.G.K, 57).



Syðri-Hóll -41

Fvrnr.: 10731

Sérheiti: Stekkjarhvammur, Hólsstekkjarhvammur, Vaðhvammur
Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Syðst í hvamminum var stekkur. Eru þar rústir einar eftir, og sést, að oft hefur hann verið færður“ (ÖSH, 3). Fjórar stekkjartóftir eru syðst í hvamminum.

Lýsing

Stekkjartóft er sunnarlega í Stekkjarhvammi, rétt vestan við gamlan vegslóða sem liggur ofan í hvamminn. Breidd veggja er 1-1,3m, hæð 30sm upp í brekkuna en 90-100sm annarstaðar. Tóftin er dökkgræn og mikið gróin eins og umhverfið. Hún er tvískipt og að sunnan er djúp rétt, um 1m og lambakró við norðurenda. Króin stendur um 50sm hærra en réttir og veggir hennar eru lægri og lítilfjörlegri, um 30sm háir og 60sm breiðir. Tóftin liggur nálega

norður/suður og hlið virðist hafa verið á suðurenda og brekkustallurinn að austan notaður til að auðvelda innrekstur.

Syðri-Hóll -42

Fvrnr.: 10732

Sérheiti: Stekkjarhvammur/Hólsstekkjarhvammur/Vaðhvammur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar stekkjartóftir eru syðst í hvamminum.

Lýsing

Við endann á slóðanum sem ruddur hefur verið niður í Stekkjarhvamm sunnanverðar er tóft. Hún er mjög sokkin með ávöllum veggjum. Tóftin er tvískipt og snýr norðaustur/suðvestur og er að hluta byggð inn í brekkuna að norðaustanverðu. Hæð veggja að innanverðu er um 30-40sm. Útveggurinn þar sem slóðin kemur að honum að norðan er mjög óljós en að sunnan eru veggir allt að 110sm háir að utan. Þar sem veggirnir eru skýrastir að sunnan eru þeir um 70sm breiðir efst en annarstaðar 1-1,8m.

Syðri-Hóll -43

Fvrnr.: 10733

Sérheiti: Stekkjarhvammur/Hólsstekkjarhvammur/Vaðhvammur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar stekkjartóftir eru syðst í hvamminum.

Lýsing

Tvær stekkjartóftir eru alveg syðst í hvamminum á gilbrúninni. Sú vestari liggur norðaustur/suðvestur. Lambakróin er að austan með staðilega útveggi, 1m breiða og um 40sm háa. Réttarveggir eru lægri og ógreinilegri 1-1,5m breiðir og um 30sm háir að utan. Hálfur suðausturveggur réttarinnar hefur brotnað niður brekkuna að ánni. Að innan eru veggir lambakróarinnar um 50sm háir en líklega hefur hrunið inní hana að austan. Grjót er ekki sýnilegt í veggjum. Líklega hefur verið rekið inn að norðvestan þó ekki sjáist neitt greinilegt hlið á tóftinni.

Syðri-Hóll -44

Fvrnr.: 10734

Sérheiti: Stekkjarhvammur/Hólsstekkjarhvammur/Vaðhvammur

Hlutverk: Stekkur


Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjórar stekkjartóftir eru syðst í hvamminum.

Lýsing

Tvær stekkjartóftir eru alveg syðst í hvamminum á gilbrúninni. Austari tóftin liggur norðvestur/suðaustur. Réttin er að sunnan og liggur í töluverðum halla upp í brekkunni út við brún þar sem áin brytur úr bakkanum og er suðausturveggur hennar að mestu horfinn niður bakkann. Tóftin er nokkuð óvenjuleg í lögun ef um stekk er að ræða. Lítill tóft eða lambakró er við norðvesturshorn réttarinnar, 1x3m að innanmáli. Veggir frá gólfí eru um 50sm háir. Breidd veggja er 70sm. Veggir réttarinnar eru hins vegar lægri og breiðari 30-40sm háir og 1-2m á breidd, breiðastir að norðvestan. Tóftin sker sig ekki úr umhverfinu hvað gróður varðar.



Syðri-Hóll -46

Fvrnr.: 10736

Sérheiti: Syðra-Hólssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Seltóftir eru um 2,3km norðaustur af bænum.

Lýsing

Rúmlega 5m ofan eða suðvestan við seltóftina er tvískipt tóft sem liggur norðaustur/suðvestur. Tóftin er 6x4m að utanmáli, mosagróin og virðist gömul. Veggjahæð að utan er 110sm til norðurs er 40sm til suðurs. En hæð að innan er um 40sm. Breidd veggja rúmlega 1m.

Syðri-Hóll -47

Fvrnr.: 10737

Sérheiti: Syðra-Hólssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Seltóftir eru um 2,3km norðaustur af bænum.

Lýsing

Um 4m norðaustur af seltóftinni er lág þúst 3x3 að utanmáli. Engin veggjalög eru greinileg en svo virðist sem þar hafi staðið eitthvert mannvirki.

Syðri-Hóll -45

Fvrnr.: 10735

Sérheiti: Syðra-Hólssel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Seltóftir eru um 2,3km norðaustur af bænum.

Lýsing

Stærsta tóftin er tví- eða þrískipt og liggur frá norðvestri til suðausturs. Utanmál er 9x4,5m. Hæð veggja er 40-60sm og breidd er 80-100sm. Dyr eru til norðurs. Tóftin er gróin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Fyrir austan Einbúa stóð Syðrahólssel að fornu, og sjást þar tóttir enn“ (SS, 147).



Mynd 20. Stærri huldufólkssteinninn liggur vestar.

Syðri-Hóll -48

Fvrnr.: 10738

Sérheiti:

Huldufólkssteinar

Hlutverk:

Huldufólksbústaður

Tegund: Steinn

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnan við Fjárgöturnar, suður undan Vatnadalshrygnum, eru steinar tveir geysistórir. Hefir annar þeirra lögun sem hús, er meira en mannhæðarhár, 4-5 álnir á lengd, og 2-3 álnir á breidd. Hinn steinninn er

lægri og ólögulegar lagaður. Steinar þessir heita Huldufólkssteinar og voru taldir vera álfabæir áður fyrr. Ytri steinninn var sagður vera prestsetur huldumann“ (ÖSH, 7). Steinarnir eru tæplega 1,2km nna af bænum á Syðra-Hóli.

Syðri-Hóll -49

Fvrnr.: 10739

Sérheiti: Huldufólkssteinar

Hlutverk: Huldufólksbústaður

Tegund: Steinn

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnan við Fjárgöturnar, suður undan Vatnadalshrygnum, eru steinar tveir geysistórir. hefir annar þeirra lögun sem hús, er meira en mannhæðarhár, 4-5 álnir á lengd, og 2-3 álnir á breidd. Hinn steinninn er lægri og ólögulegar. Steinar þessir heita Huldufólkssteinar og voru taldir vera álfabæir áður fyrr. Ytri steinninn var sagður vera prestsetur huldumann“ (ÖSH, 7). Steinarnir eru tæplega 1,2km nna af bænum á Syðra-Hóli.



Mynd 21. Huldufólkssteinar.

Syðri-Hóll -50

Fvrnr.: 10740

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Tæplega 400m suðvestur af Huldufólkssteinunum og um 800m norðaustur af bænum er steinlögn, eða samsafn af steinum.

Lýsing

EKKI ER HÆGT AÐ TALA UM EIGINLEGA HLEÐSLU ÞAR SEM AÐ NOKKRIR STEINAR HAFA VERIÐ DREGNIR SAMAN. ÓVÍST ER UM ALDUR.



Mynd 22. Hleðsla, hlutverk óþekkt.



Mynd 23. Landamerkjagarðurinn gamli liggur að hluta undir girðingunni milli Höskuldsstaða og Syðra-Hóls.

kafla um 300m upp af þjóðveginum. Garðlagið er gróið en hlaupið í þúfur.

Syðri-Hóll -51

Hlutverk: Landamerkjagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Sunnan undir Rananum er þriðji hvammurinn og nefnist Ranahvammur [...] Klettanef lokar Ranahvammi að sunnan. Fram á það liggur garðlag, og er það leifar af landamerkjagarði. Framhald sést af garði uppi í mýrinni og stefnir á mitt holt, sem er ofarlega í henni. Er það nafnlaust“ (ÖSH, 4).

Lýsing

Garðlagið fannst ekki við skráningu 2008 og gæti verið horfið vegna girðingaframkvæmda.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Landamerki eru þessi: Að vestan ræður Laxá merkjum. Að sunnan ræður garðlag úr horninu sunnan við Ranahvamm og síðan bein lína úr því í Stein sunnanhallt við Rauðanúp, og áfram sunnan til á Einbúa nálægt Fjárgötum“ (ÖSH, 1).

Syðri-Hóll -53

Fvrnr.: 10742

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli vegurinn sem liggur frá elsta brúarstæðinu á Laxá til norðurs og beygir svo til norðvesturs, hann er vel greinilegur á tæplega 500m kafla.

Óstaðsettar minjar

Syðri-Hóll -54

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Að norðan eru merki talin úr hól sunnan til á miðjum Einbúa beina línu í Dagsmálahól. Síðan ræður garðlag merkjum í Brekkunum og sjónhending áfram ofan í reiðgötur“ (ÖSH, 1). Reiðgötur eru einnig nefndar í Sýslu- og sóknarlýsingum: „Garðlagsstefnunni er nú aðeins fylgt ofan að tjörninni, beygir svo fyrir hana ofan að reiðgötum, og þaðan frá ráða þær í Laxá“ (SS, 147).

Lýsing

Veglóðar eru á þessu svæði m.a. þar sem gamli vegurinn liggur niður að elstu brúnni á Laxá. Hugsanlegt er að reiðgöturnar hafi legið á svipuðum slóðum en ummerki þeirra fundust ekki við vettvangsskráningu 2008.

Syðri-Hóll -55

Sérheiti: Stekkjarnes

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Niðurhluti túnsins heitir Útauksi. neðan við túnið er Kollugerðistjörn, eða Tjörnin. Ofan við hana er pollur, grunnur, og heitir sá Óðinshanapollur. Austan við tjörnina gengur út í hana nes, er kallast Stekkjarnes. Þar eru stekkjarrústir, en utar og ofar er laut, sem gengur upp í melana og heitir Stekkjarlaut“ (ÖSK, 1).

Lýsing

Ekki fundust stekkjartóftir við vettvangsskráningu sumarið 2008.

Syðri-Hóll -56

Sérheiti: Sjómannagata

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Melarnir niður af tjörninni eru hærri en þeir, sem sunnar liggja nær hvömmunum. Stallurinn, sem þar verður, er grasi vaxinn sunnan í og heitir Sjómannabrekka. Nær hún því nær jafnt upp og tjörnin og niður að Löngubrekku. Götuslóði lá áður niður með Sjómannabrekunni og hét Sjómannagata. Þá leið fóru sjómenn frá Kollugerði og Syðra-Hóli, er þeir stunduðu róðra úr Laxárvík“ (ÖSK, 1).

Lýsing

Slóðarnir sjást greinilega á köflum ofan við Stekkjarchvamm og Langahvamm í landi Höskuldsstaða en ekki sáust þeir neðan við Sjómannabrekkuna.

Syðri-Hóll -57

Sérheiti: Andrésartóttir

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Svo er sagt, að Langihvammur gengi undan Syðrahóli, að í tíð síra Magnúsar Péturssonar (1748-84) byggi sá maður á Syðrahóli, er Andrés hét. Eftir honum heita Andrésartóttir, tóttarbrot fyrir neðan Syðrahól, þar sem hann að síðustu á að hafa dvalið í húsmennsku“ (SS, 147).

Lýsing

Ekki þekktu ábúendur á Syðra-Hóli til þessara mannvirkja og fundust tóftirnar ekki við vettvangsskráningu.

Syðri-Hóll -58

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Fyrir austan og norðan bæinn eru stallar og slakkar á milli, og er þar kallað einu nafni Hvammar út að túngarði og niður að götu, sem liggar út túnið frá bænum“ (ÖSH, 1). „Sunnuhvoll heitir vik í miðjum Hvömmunum, upp við túnjaðar, og eru Hvammarnir þar hæstir. Vestan við götuna, niður undan miðju Langaskeiði, var áður fjárhús og hesthús“ (ÖSH, 2).

Lýsing

Ekki fannst gatan við skráningu 2008 og taldi heimildamaður að hún væri horfin.


Kollugerði/Tjarnarkot (Fór í eyði rétt fyrir 1950)



Mynd 24. Yfirlitsmynd af bæjarstæðinu á Kollugerði.

Kollugerði var hjáleiga frá Syðra-Hóli. Í sýslu- og sóknarlýsingum segir að Kollugerði hafi að fornu heitið Tjarnarkot og það hafi verið í eyði 1789 (SS, 147). Kollugerðis er ekki getið í fornnum heimildum og virðast fyrstu heimildir vera í manntali frá 1703 en þá bjuggu þar Jón Guðmundsson og Sesselja Steinsdóttir ásamt vinnustúlkunni Önnu Jónsdóttur. Árið 1870 var tvíbýli í Kollugerði og bjuggu þar 8 manns (sjá heimastíðu Þjóðskjalasafns).

Samkvæmt jarðamati frá 1916 voru á jörðinni: „baðstofa nýleg, búr, eldhús, ásamt gangi frá útidýrum til þessara húsa, -torfhús léleg, utan baðstofan, sem er all-gott hús, en í henni á ábúandi alla innbyggingu. Hús ábúanda: lítill geymslukofi og peningshús yfir sauðfjár og 5 hross.“ (Jarðamat 1916, nr. 50).



Syðri-Hóll -59

Fvrnr.: 10745

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Dældir

Staðhættir

Kollugerði er sunnan þjóðvegar um 6-700m vnv. af Syðra-Hóli.

Lýsing

Bæjarhóllinn um 40x30m að ummáli liggur suður undir Brekkunni. Búið er að rífa og sléttu yfir húsin á Kollugerði en það sést móta fyrir þeim í túninu, fjórar dældir sem liggja samsíða frá vestri til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Syðra-Hóls segir: „Ofan við bæinn er brött brekka. Er hún kölluð Brekkan. Undir henni er lægð, er nær að ávalanum, er bæjarhúsin og fjárhúsin standa á. Hún heitir Leynir, en Hóll er bungan nefnd, þar sem bærinn stendur“ (ÖSK, 1). Á túnakorti frá 1920 eru útihús flest norðan við mitt túnið en bærinn og fjósið er austarlega fyrir miðju túni. Athuga ber að áttatilhögun virðist ekki rétt á túnakortinu.

Syðri-Hóll -60

Fvrnr.: 10746

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dældir

Staðhættir

Vestan við bæjartóftina er hóll um 25x30m að utanmáli.

Lýsing

Tæplega 30m vestan við bæjarhólinn er lágor hóll og á honum fjórar grunnar dældir, mest um 5sm djúpar.

Syðri-Hóll -61

Fvrnr.: 10747

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Hesthús/Fjárhús?

Tegund: Dældir

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er hesthús nyrst í túninu.

Lýsing

Norður af fjárhúshólnum er hóll 40x20m að utanmáli og á honum eru greinilegar leifar tóftar en þar eru lágar dældir í túnið um 5-10sm djúpar og má greina veggjalög á milli. Tóftaleifarnar snúa norðvestur/suðaustur, 19x13m að utanmáli og virðast fjórskiptar eða tvístæð hús með görðum. Til norðausturs virðist vera hlaða, hugsanlega þrískipt og virðist vera innangengt á milli. Dýpstu dældirnar eru 15sm djúpar og grjót finnst í veggbrúnum á nokkrum stöðum. Dyr hafa að líkindum snúið til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Þegar túnakort frá 1920 er lagt yfir loftmyndina lendir húsið þar sem hesthúsið (fyrir 5 hesta) á að hafa verið og ef túnakortið er rétt lagt yfir loftmyndina er líklegt að húsið hafi síðar verið stækkað umtalsvert.

Syðri-Hóll -62

Fvrnr.: 10748

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður í norðausturhorni túnsins.

Lýsing

Þarna er nú sléttan tún og ekki sáust ummerki matjurtagarðs við vettvangsskráningu 2008.

Syðri-Hóll -63

Fvrnr.: 10749

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er kálgarður við túnjaðarinn til vesturs, um 20m vestur af fjárhúsunum.

Lýsing

Þarna er nú sléttan tún og ekki sáust ummerki matjurtagarðs við vettvangsskráningu 2008.

Syðri-Hóll -64

Fvrnr.: 10750

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 liggur gata til norðvesturs frá bæjarhúsunum.

Lýsing

Parna er nú sléttað tún og ekki sáust ummerki um heimreiðna við vettvangsskráningu 2008.

Syðri-Hóll -65

Fvrnr.: 10751

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegslóði

Staðhættir

Ofan eða norðan við Brekkuna er greinilegur vegslóði og liggur hann áfram til suðausturs en fer þar undir sléttað tún og sést þar illa.

Lýsing

Vegbúturinn sem er mjög greinilegur ofan við Brekkuna er alls um 90m langur og um 2,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Um vegamál í Höskuldsstaðasókn 1873 segir: „Aðalvegurinn úr kaupstað fram í Langadal og vestur í sveitir liggur spölkorn fyrir neðan Kjalarland, rétt fyrir ofan Hafursstaði og Ytriey; rétt fyrir neðan Syðriey, Ytrahól og neðst í Syðrahólsstekkjahvammi; rétt fyrir neðan Neðra-Lækjardal og inn Refasveit að vestan vatna. Vegurinn tvídeilist hjá Höskuldsstöðum. Liggur annar aukavegurinn ofan í Ósvík, inn Neðribyggð á Refasveit og fram að Blöndu, er hún er farin á Klifum. Hinn liggur inn fyrir ofan Kollugerði og neðan Syðrahól og Njálsstaði.“ (HH, 59).

Syðri-Hóll -66

Fvrnr.: 10752

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Hóll

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á milli hesthúshólsins og bæjarhólsins er hóll um 22x21m að ummáli.

Lýsing

Norðanvert á honum er dæld um 5x6m að utanmáli og um 5sm djúp. Virðist hafa staðið þar eitthvert mannvirki sem þó er ekki sýnt á túnakorti frá 1920. Hugsanlega er um að ræða geymslukofa þann sem nefndur er í jarðamatí frá 1916 þó ekkert verði fullyrt um það.

Syðri-Hóll -67

Fvrnr.: 10753

Sérheiti: Kollugerði

Hlutverk: Hóll

Tegund: Dæld

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er hesthús nyrst í túninu.

Lýsing

